N. Leb. '96

Strandasýsla 1996

Ferðaþjónusta & þjóðmenning

FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

Jón Jónsson

FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

Ferðaþjónusta & þjóðmenning

Um verkefnið og ferðaþjónustuna s. 3-7

Að fá ferðamenn á Strandir s. 8-15

Að skemmta ferðamönnum s. 16-21

Sögustaðir og upplýsingaþjónusta s. 22-29

Sýningar og safnamál s. 30-38

Hátíðir, uppákomur og skemmtanir s. 39-44

Skipulagðar ferðir um Strandir s. 45-49

Um samvinnu og stefnumótun s. 50-54

Um verkefnið og ferðaþjónustuna

Íslendingar sjá sífellt betur að það borgar sig að gera vel við ferðamenn. Ferðaþjónusta vegur meira í atvinnulífi landans með ári hverju og sveitarstjórnir og hagsmunaaðilar í einstökum héruðum hafa kappkostað að fá sem flesta ferðalanga til að staldra við á sínu svæði. Markviss vinna og skipulagning, jafnt í markaðssetningu og þeirri list að skemmta og þjóna ferðamönnum, hefur skilað sér og árangurinn birtist hægt og sígandi í auknum fjölda ferðamanna. Víðast hvar eiga menn þó langt í land að fullmóta þennan atvinnuveg og á næstu árum verða eflaust miklar framfarir á því sviði. Þetta á ekki síst við um Vestfirði, því þar eru takmarkaðir möguleikar á að byggja upp aðra atvinnustarfsemi en sjávarútveg og ferðaþjónustu.

Á Ströndum er þörf á verulegu átaki til að laða að ferðamenn. Strandasýsla er fámenn sýsla þar sem hvert starf og hver möguleiki á aukatekjum skiptir máli. Fámenn samfélög þurfa nauðsynlega fjölbreytt atvinnulíf og mannlíf. Slíkt skiptir sköpum um hvort héraðið telst vænlegt til búsetu. Ávinningurinn af fjölgun ferðamanna og lengri dvöl þeirra á Ströndum er augljós. Það má ætla að þjónusta við ferðamenn geti orðið álitleg aukabúgrein fyrir býsna marga og heilsársatvinna fyrir nokkra. Ferðamenn eiga vanda til að vera á stúfunum yfir sumartímann og þá eykst þörfin á starfskröftum í verslun og þjónustu, einmitt á sama tíma og framboð á vinnuafli er mest. Oft þarf ekki sérstaka menntun til starfa í ferðaþjónustu og fjölbreytni atvinnulífsins eykst eftir því sem einstaklingum og fyrirtækjum sem byggja afkomu sína að hluta eða öllu leyti á þjónustu við ferðamenn fjölgar. Um leið auðgast mannlíf á svæðinu og heimamenn geta auðveldlega nýtt þá þjónustu sem byggir á ferðamönnum. Þjónusta við svæðið getur einnig aukist með fleiri ferðalöngum, þrýstingur á bættar samgöngur verður meiri og grundvöllur fyrir tíðari áætlunarferðir er lagður.

Það er auðséð að við uppbyggingu ferðaþjónustu þar sem hún er skammt á veg komin þarf að vanda til verka. Ella er ávallt hætta á að framkvæmdir verði tilviljanakenndar, stefnumótun, skipulag og heildarmarkmið skorti, auk þess sem ímynd héraðsins verði óljós og á reiki. Þessi skýrsla er hluti af viðleitni Strandamanna til að gera sitt besta í þessum efnum.

Áherslur skýrslunnar og aðferðafræði

Skýrslan byggir á vinnu við verkefnið *Ferðaþjónusta og þjóðmenning*. Höfundur skýrslunnar, sem er þjóðfræðimenntaður og í sagnfræðinámi, átti

upphaflega hugmyndina að verkefninu. Til *Nýsköpunarsjóðs námsmanna* var send styrkumsókn með fulltingi framkvæmdastjóra Héraðsnefndar Strandasýslu, þar sem verkefnið var skilgreint á þann veg að gerð yrði úttekt á möguleikum Strandamanna í ferðaþjónustu með tilliti til sögu sýslunnar og þjóðsagna henni tengdri. Verkefnið var talið vel styrkhæft og til þess fallið að auka tengsl atvinnulífs og háskóla, auk þess sem í því fælist umtalsverð nýsköpun, bæði á sviði þjóðfræða og ferðamála. Héraðsnefnd Strandasýslu tók síðan verkefnið upp á sína arma á fundi í júlí 1995 og veitti því það brautargengi sem þurfti. Vinnan hefur því staðið með hléum frá vordögum 1995.

Það hlýtur að teljast mikilvægt að skoða ferðaþjónustu frá sem flestum hliðum og hún hefur ekki oft verið könnuð markvisst og fræðilega með sögu og sérstöðu í öndvegi. Þó má ætla að sú aðferð stuðli að nýsköpun í ferðaþjónustu hér á landi. Menningartúrismi er það sem koma skal. Vísindaleg vinnubrögð þjóðfræðinnar eru lögð til grundvallar við gerð skýrslunnar og byggt á aðferðafræði umhverfisvænnar ferðaþjónustu. Náttúra, mannlíf og saga eru í fyrirrúmi og á þeim er leitast við að reisa allar tillögur. Auk þess sem sérstaða sýslunnar er dregin fram er bent á leiðir til að útfæra hana í ferðaþjónustu.

Áhersla er lögð á að setja fram raunhæfar hugmyndir í skýrslunni, sem hæfa fjárhag og mannfjölda sýslunnar. Þetta er tekið fram af gefnu tilefni. Það hefur viljað loða við úttektir sem þessa að hugmyndirnar eru óframkvæmanlegar. Það er mjög auðvelt og um leið óábyrgt að stinga upp á að reisa víkingaþorp eða kastala, hola fjall að innan og útbúa þar trölla- og jólasveinaland fyrir ferðamenn að skoða eða sviðsetja og leyfa ferðalöngum að taka þátt í eftirlíkingu af Flóabardaga á 13. aldar fleytum á Húnaflóa. Í þessari skýrslu verða ekki byggðar neinar skýjaborgir. Litlar hugmyndir sem í sameiningu breyta miklu og mögulegt er að framkvæma skipa öndvegið, þótt því megi ekki gleyma að vissulega kosta þær sitt. Vanda verður til alls sem menn færast í fang. Þessar áherslur skýrslunnar hljóta að auka líkurnar á að heimamenn geti brugðist við og hrint umbótum í ferðaþjónustu í framkvæmd, sjálfum sér og ferðamönnum til hagsbóta. Um leið gera raunhæfar og á stundum allnákvæmar tillögur það vonandi að verkum að Héraðsnefnd og sveitarstjórnir kryfja málið til mergjar og komast að ábyrgri niðurstöðu um hlutverk sitt og markmið í ferðamálum.

Með sama markmið að leiðarljósi er leitast við að ræða eftir því sem kostur er um verkaskiptingu og verksvið ólíkra aðila heima í héraði. Bent er á nauðsyn þess að skilgreina verkefni vandlega og gera áætlanir um framkvæmdir til lengri og skemmri tíma. Hugmyndafræðin að baki skýrslunni gerir ráð fyrir að nýta sem allra mest það sem fyrir er í sýslunni, byggja jafnt á sögunni og þeim þjónustugrunni sem þegar hefur verið lagður. Hugmyndirnar lúta því oft að því að tengja saman þjónustuaðila, skipulagðar ferðir, uppákomur og sýningar.

Mikilvægt er að menn líti svo á að einstakar hugmyndir, t.d. um sýningar eða uppákomur, séu settar fram sem dæmi. Við lestur skýrslunnar ættu að kvikna hjá mönnum fleiri hugmyndir sem þarf að halda til haga, vega og meta og fella inn í skipulag framkvæmda eftir því sem ástæða er til. Þetta er enn nauðsynlegra vegna þess að við vinnuna að verkefninu voru önnur þarfaverk látin sitja fyrir yfirgripsmiklu samráði við heimamenn. Ávallt ber því að hafa hugfast að skýrslan og hugmyndirnar eru fyrst og fremst grunnur til umræðu. Að sjálfsögðu þarf þó í öllum tilvikum að taka til þeirra afstöðu, hafna þeim eða hrinda í framkvæmd. Þetta gildir jafnt um umfjöllun um verksvið, skipulag og kostnað og einstakar hugmyndir um afþreyingu fyrir ferðamenn.

Ekki má heldur gleyma að sjónarhornið sem lagt er til grundvallar takmarkar skýrsluna. Umfjöllunin er að mestu bundin við möguleika í ferðaþjónustu út frá sögu, sögnum og sérstöðu. Enga úttekt er að finna á fjölmörgu sem þykir sjálfsagt að sé til staðar hvar sem ferðamenn eru boðnir velkomnir, t.d. fjölbreyttir gistimöguleikar, góð aðstaða á tjaldsvæðum, margbreytileg matsala, hreinlætisaðstaða, viðgerðaþjónusta, sundlaugar, gott viðmót og þjónustulund.

Raunar hefur margt verið ágætlega unnið í ferðamálum á Ströndum á síðustu árum. Samvinna um Ferðamálasamtök Vestfjarða hefur skilað miklum árangri, gefnir hafa verið út bæklingar, gönguleiðir merktar og unnið að hugmyndum um að skapa Ströndum sérstöðu með nýtingu rekaviðar. Eins hafa heimamenn sumir hverjir verið duglegir við að kynna þá þjónustu sem þeir bjóða upp á og byggja stundum kynningu sína á sérstöðu svæðisins. Þar má taka hótelhaldara á Djúpavík sem dæmi. Þá má minna á að Strandamenn stofnuðu ferðamálafélag fyrir nokkrum árum sem fór vel af stað og setti á stofn umræðuhópa um ýmis mál tengd ferðaþjónustunni, s.s. markaðssetningu, merkingar, minjagripaframleiðslu og umhverfisvernd. Lítið hefur farið fyrir félaginu að undanförnu, en nefna mætti fleiri formleg og óformleg félagasamtök sem hafa lagt sitt af mörkum. Það er afar mikilvægt að allt sem þegar hefur verið unnið í ferðamálum verði nýtt við áframhaldandi uppbyggingu.

Ennþá skortir hins vegar stefnumörkun í málefnum ferðaþjónustunnar af hálfu ráðamanna sýslunnar, Héraðsnefndar og sveitastjórna. Nauðsynlegt er að þeir skilgreini hlutverk sitt og markmið. Ef framtíðarsýnin er skýr og unnið er eftir markvissu skipulagi er auðveldara fyrir áhugasama heimamenn að leggja út í atvinnurekstur á þessu sviði. Ef vel er að verki staðið má ætla að um leið og Strandasýsla verður áhugaverðari kostur, aukist vægi ferðaþjónustunnar í atvinnulífinu. Skýr stefna gerir einnig auðveldara að hrista saman krafta ferðaþjónustuaðila og sveitarstjórna, en samvinna er forsenda árangurs.

Í skýrslunni er að mestu einblínt á það sem heimamenn ættu að aðhafast til að bæta og auka ferðaþjónustu í Strandasýslu. Það má þó alls ekki skilja þá

áherslu á þann veg að samstarf út á við sé komið frá þeim vonda sjálfum. Strandamenn þurfa að staðsetja sig í huga landsmanna með því að miða sig við nágrannasveitirnar, vinna með þeim að bættum samgöngum á milli héraða og á fleiri sviðum ferðamála. Ferðamenn koma einhvers staðar að og eru oftast á leiðinni eitthvert annað. Samstarf við nágrannahéruð og innan fjórðungsins er því brýn nauðsyn og afar gagnlegt ef vel tekst til. Þetta á t.d. við um Ferðamálasamtök Vestfjarða, því það er augljóst að samvinnan um að auka sókn á Vestfirði skilar sér til Strandamanna. En þó Vestfjarðasamtökin vinni öflugt og gott starf, leysir það heimamenn ekki undan ábyrgð. Fjölmargir hlutir verða hvergi unnir nema heima í héraði og menn hafa aldrei náð langt án þess að vinna heimavinnuna.

Ágrip af efni skýrslunnar

Skýrslunni er skipt í sjö kafla, auk inngangsins. Í öðrum kafla hennar, *Að fá ferðamenn á Strandir*, er fjallað um ímynd sýslunnar, markaðssetningu og hvernig þarf að fylgja eftir þeirri ímynd sem lögð er til grundvallar í kynningum. Lagt er til að auk þess að markaðssetja sýsluna sem umhverfisvæna náttúruparadís, verði henni með markvissum framkvæmdum sköpuð sérstaða sem „sögusýslan". Slík ímynd höfðar einkum til ákveðins markhóps sem er skilgreindur í kaflanum. Samgöngur eru sérstaklega teknar fyrir í kaflanum, enda er ótti við vegakerfið á Ströndum vandamál. Fjallað er nokkuð ítarlega um þær leiðir sem þarf að feta við kynningu á svæðinu og hvernig sé hægt að nýta ólíka miðla til þess. M.a. er lagt til að sett verði upp ljósmyndasýning um náttúru og mannlíf á Ströndum í þeim tilgangi að vekja áhuga á svæðinu.

Í kaflanum *Að skemmta ferðamönnum* eru metin þau ráð sem Strandamenn geta beitt til að fá ferðamenn til að dvelja lengur á svæðinu og tryggja góða afspurn. Fjallað er um á hvern hátt megi nýta og undirstrika sérstöðu sýslunnar með vandaðri afþreyingu þannig að bæði ferðamenn og heimamenn hafi hag af. Sérstaklega er tekið á gerð og sölu minjagripa í þeim hluta kaflans. Þá er rætt hvernig auka megi hæfni heimamanna í ferðaþjónustu til að miðla sögu og sérstöðu sýslunnar.

Þjóðsögur úr Strandasýslu segja gjarnan frá því að tröll hafi orðið að steini og standi þar enn þann dag í dag. Fjórði kafli skýrslunnar heitir *Sögustaðir og upplýsingaþjónusta* og þar er, eins og nafnið gefur til kynna, rætt um fræðslu- og upplýsingaþjónustu við ferðalanga. Í kaflanum er einkum fjallað um bæklingagerð, örnefnamerkingar og nauðsyn þess að miðla sögulegu efni til ferðamanna. Ýmsar leiðir eru ræddar og áhersla lögð á að koma sögum og sögnum á framfæri á sem fjölbreytilegastan máta. Það þarf að leitast við að gefa

ferðamönnum eins góða innsýn og kostur er í náttúru, atburði og mannlíf á svæðinu jafnt nú á dögum sem fyrr á tímum. Það þarf að breyta klettinum aftur í tröll. Í kaflanum er fjallað nokkuð um markverða staði í sýslunni og hvaða möguleika þeir bjóða upp á, auk þess sem rætt er um minjavernd.

Sýningar og safnamál heitir fimmti kaflinn og þar er tekið á skipulagi safnamála í sýslunni. Lagt er til að Strandamenn einbeiti sér að því að setja upp litlar, fjölbreyttar sýningar um afmörkuð efni tengd sérkennum sýslunnar. Þær geta bæði virkað sem aðdráttarafl á ferðamenn og verið þeim til skemmtunar. Dregnir eru fram þeir þættir sem gera sýningu góða og lögð áhersla á að fræðslu- og skemmtigildið verði í fyrirrúmi. Lagt er til að samstarf um Byggðasafnið á Reykjum verði eflt og náin samvinna höfð við safnið um sýningahald á Ströndum. Settar eru fram hugmyndir um bæði muna- og myndasýningar.

Í kaflanum *Hátíðir, uppákomur og skemmtanir* er fjallað um gildi hátíðahalda og möguleika Strandamanna til að útfæra sögu héraðsins og sagnir á þann hátt. Hvort tveggja er rætt um stórar hátíðir með mikilfenglegri dagskrá og minniháttar mannamót, kvöldvökur, ættarmót og afmæli. Settar eru fram allmargar hugmyndir í þessum anda.

Sjöundi kaflinn heitir *Skipulagðar ferðir um Strandir*. Þar er tekið á möguleikum Strandamanna til að gera sýsluna að víðfrægu göngusvæði og skipuleggja ferðir um söguslóðir. Einnig er fjallað um aðra ferðamáta og settar fram hugmyndir um hvernig tengja má ferðir undir leiðsögn við sögu sýslunnar. Jafnt er rætt um tækifæri á að skipuleggja nýjar ferðir og tengja sögu og sagnir við þær sem þegar er boðið upp á.

Það þarf að bregðast hratt og örugglega við í málefnum ferðaþjónustunnar, enda er hún mikilvægur vaxtarbroddur fyrir atvinnulíf í sýslunni. Í lokakaflanum, sem ber nafnið *Um samvinnu og stefnumótun*, er tekið á framtíðarskipulagi ferðaþjónustunnar, markmiðum og verksviðum ólíkra aðila. Nokkuð ítarlegar tillögur um næstu skref í framkvæmdum eru settar fram og útfærðar. Þar er m.a. lagt til að ráðinn verði verkefnisstjóri til að hrinda verkefninu *Ferðaþjónusta og þjóðmenning á Ströndum* í framkvæmd. Rætt er hvernig og hver eigi að standa að nauðsynlegri vinnu við stefnumótun og áætlanagerð og hver eigi að fjármagna og bera ábyrgð á framkvæmdum. Þá er gerð grein fyrir mikilvægi samvinnu ólíkra aðila innan héraðs, jafnt við markaðssetningu og við að skemmta og þjóna ferðalöngum.

Að fá ferðamenn á Strandir

Þörf er á tvíþættu átaki Strandamanna í ferðamálum. Annars vegar þarf að vinna af krafti í að fá ferðamenn til að koma í héraðið og hins vegar að gera betrumbætur á möguleikum þeirra á afþreyingu og skemmtun. Einungis þá bera þeir hróður sýslunnar víða, dvelja lengur og koma aftur. Ef annað hvort kynningin eða möguleikar ferðamanna á að njóta vandaðrar afþreyingar eru í ólagi missir marks að hafa hitt gott. Auðvelt er að nýta sögu, sagnir og sérstöðu sýslunnar, jafnt til að gleðja geð þeirra sem á ferðinni eru og við markaðssetningu.

Ímynd sýslunnar

Áður en lagt er í markaðssetningu þarf að ná samstöðu um skilgreiningu á ímynd sýslunnar. Við þá ímynd þarf síðan öll uppbygging og kynning að miðast. Svæðið þarf að vera áhugaverður og spennandi kostur, einstakur á einhvern afgerandi hátt og í kynningum ætti fyrst og fremst að leggja áherslu á það sem héraðið hefur til brunns að bera umfram önnur svæði.

Í kynningu sýslunnar til þessa hefur verið lögð áhersla á dulúðuga, stórbrotna og ómengaða náttúru og sérkennilegt mannlíf. Þetta er í takt við stefnu Ferðamálasamtaka Vestfjarða. Rétt er að halda áfram á þessari braut og byggja á þeim grunni sem þegar hefur verið lagður. Stór hluti ferðamanna á Ströndum er þar til að njóta náttúrufegurðar. Tækifærin til þess eru líka óþrjótandi og kyrrðin stundum engu lík. Heimamenn verða síðan að fylgja þessari ímynd eftir með markvissri umhverfisvernd og vistvænni stefnumörkun.

Markaðsstarfið ætti til að byrja með einkum að miðast við ná fólki í héraðið yfir sumartímann, enda er það auðveldara. Því má hins vegar ekki gleyma að það er útbreiddur misskilningur að ekki taki því að bjóða upp á þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi. Strandir hafa ýmsa burði til að verða vinsælt svæði á vetrum. Skíðaganga í sýslunni byggir á gömlum merg og aukinni snjósleða- og jeppamenningu má mæta með því að auglýsa svæðið sem kjörland slíkra ferða. Snjóþyngsli á Ströndum eru oft mikil, en þó eru samgöngur til Hólmavíkur oftast greiðar. Þá má ferðaþjónustufólk ekki láta hjá líða að sæta lagi ef landsins forni fjandi, hafísinn, sækir Strandirnar heim eða ísbirnir ganga á land. Auðvelt er að skipuleggja skemmtilegar ferðir þessu tengdar.

Hér er lagt til að eins og í starfi Ferðamálasamtaka Vestfjarða verði hugmyndafræði „grænnar ferðaþjónustu“ lögð til grundvallar og höfð að leiðarljósi

af sveitarstjórnum, hagsmunaaðilum og félagasamtökum sem vinna að öllu eða einhverju leyti að ferðamálum á Ströndum. Í hugmyndinni felst að heimamenn taka á sig ábyrgð á umhverfi sínu og náttúru héraðsins. Þessir þættir eru síðan nýttir í þjónustu við ferðmenn og kapp lagt á að sem flestir íbúar svæðisins hagnist á öllu saman. Ef vandað er til verka eykst virðing gesta og heimamanna fyrir náttúrunni og þannig getur ferðaþjónustan aðstoðað við verndun og varðveislu náttúruverðmæta. Ef ferðamenn njóta metnaðarfullrar afþreyingar og framsetningar á sérstöðu héraðsins má ætla að þeir verði ánægðir. Slíkir ferðalangar eru besta auglýsing sem svæðið getur fengið.

Mynd 1: Verðugt markmið í ferðaþjónustunni

Hugmyndafræði grænnar ferðaþjónustu

- ⌘ Græn ferðaþjónusta er smá í sniðum og þróast hægt með fullri virðingu fyrir náttúru og íbúum svæða. Hún stuðlar að efnahags- og atvinnuuppbyggingu svæðisins. Uppbygging og stjórnun ferðaþjónustunnar er í höndum heimamanna eftir því sem kostur er.
- ⌘ Aðilar í ferðaþjónustu leitast við að styrkja atvinnulíf á svæðinu með því að kaupa þjónustu og iðnaðarframleiðslu heima fyrir og minjagripir sem boðið er upp á eru unnir af listamönnum og hagleiksfólki í héraðinu.
- ⌘ Ferðaþjónustan stuðlar að notkun áætlunarferða og stefnir markvisst að því að byggja á því sem fyrir er í héraðinu. Gamlar eða ónotaðar byggingar geta þannig fengið nýtt hlutverk í þjónustu við ferðamenn.
- ⌘ Náttúrulegt umhverfi áfangastaða er verndað og þess gætt að umhverfi beri ekki skaða af samskiptum þess og ferðamannsins. Græn ferðaþjónusta stuðlar að landfræðilegri dreifingu ferðamanna, þeir eiga að geta notið ferðar sinnar án þess að lenda í mannþröng.
- ⌘ Uppbygging þjónustu er löguð að svæðinu. Við skipulag, hönnun og staðsetningu mannvirkja sem byggð eru í þágu ferðaþjónustunnar er tekið mið af náttúru og landslagi.
- ⌘ Lögð er áhersla á að draga fram sérkenni svæða, jafnt náttúrufyrirbæri og hefðir. Leitast er við að gefa sem bestar upplýsingar um menningu og náttúru, t.d. eru farnar skipulagðar ferðir undir leiðsögn kunnugra heimamanna og settir saman upplýsingabæklingar fyrir ferðamenn.

En þótt náttúran sé vissulega ómenguð og fögur er það ekki nóg til að skapa Strandasýslu fullkomna sérstöðu. Vestfirðir allir búa yfir meiri náttúrufegurð en hægt er að finna víðast á landinu og mörg önnur svæði byggja markaðssetningu

sína á einstæðri náttúru. Því er hér lagt til að með markvissum framkvæmdum verði gert kleift að auglýsa Strandasýslu sem „sögusýsluna". Í stuttu máli felur þetta í sér að saga sýslunnar verði lögð til grundvallar í ferðaþjónustunni. Í kynningum verði dregin fram sérkenni héraðsins, saga og sagnir og menn hvattir til að sjá í sýslunni snertifleti við spennandi og áhugaverða fortíð, jafnt atburði og atvinnuhætti, þjóðlíf og hugmyndaheim. Eftir að því hefur einu sinni verið komið inn í kollinn á Íslendingum að í sýslunni sé markvisst unnið að því að tengja ferðaþjónustu, þjóðmenningu og sögu, verður það ekki svo auðveldlega rekið út aftur. Það er auðvitað ekki svo að skilja að saga og menning Strandasýslu sé merkilegri en annarra héraða, en hún er vissulega sérstök á margan hátt. Sérstöðuna á að draga fram og nýta.

Ef vel tekst til og hljómgrunnur er fyrir að byggja á sögu sýslunnar á sem flestum sviðum ferðaþjónustunnar er búið að leggja grunn að afar áhugaverðri sérstöðu. Um leið er hugmyndin um sögusýsluna nátengd þeirri kynningu sem hefur verið lögð til grundvallar við markaðssetninguna til þessa. Hvor meginstoðin í slíkri skilgreiningu á ímynd sýslunnar styður hina.

Mynd 2: Markaðssetning í takt við ímynd sýslunnar



Til að fylgja þessari skilgreiningu eftir þarf að gera stórátak í að bæta upplýsingaþjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn sem tengist sögu og þjóðlífi í sýslunni. Um þau efni verður fjallað í næstu köflum skýrslunnar. Hugmyndin um sögusýsluna krefst þess ennfremur af Strandamönnum að þeir verndi jafnt minjar um liðna tíð sem óspjallaða náttúru á svæðinu. Í því felst til að mynda að halda við mannvirkjum og atvinnutækjum sem komin eru til ára sinna, dytta að gömlum göngustígum og hlaða upp vörður.

Menn þurfa einnig að muna að aukinn umgangur ferðamanna hefur ekki einungis jákvæðar afleiðingar í för með sér. Vinsæl svæði traðkast niður og þar

myndast oft óskipulagt net af slóðum, gróður getur sums staðar eyðst og dýralíf truflast, auk þess sem sorp verður sífellt meira vandamál. Við þessu þarf að bregðast í tíma. Þrátt fyrir að ásýnd svæðis breytist við að leggja snyrtilegan göngustíg, er það mun betri kostur en að allt verði morandi í troðningum. Að auki er af því sá ávinningur að fötluðum og öldruðum er gert auðveldara að komast um og njóta þess sem staðurinn býður upp á. Að slíkum þáttum þarf ávallt að huga við uppbyggingu. Ungmennafélög og sveitarfélög á Ströndum hafa lengi hvatt menn til að halda sveitum og bæjum snyrtilegum og að auki staðið reglulega fyrir sérstökum hreinsunarátökum. Það starf er þakkarvert og skilar sér væntanlega í hugarfarsbreytingu með tíð og tíma. Það þarf með öllum ráðum að leitast við að koma í veg fyrir að ímynd sýslunnar verði fyrir álitshnekki. Ef gefið er færi á fréttaflutningi af óþrifnaði eða mengun spilla heimamenn sjálfir því áliti að Strandir séu ómenguð náttúruperla og mannlíf þar einkennist af því að íbúar séu meðvitaðir um umhverfi sitt og lifi í sátt við náttúruna.

Til hvaða markhóps höfðar ímyndin?

Þegar ímynd sýslunnar er skilgreind þarf að hafa þann markhóp sem menn eru að sækjast eftir í huga. Þessi skýrsla miðar einkum að því að gera sýsluna áhugaverðan kost fyrir ferðaglaða Íslendinga, þann hóp þeirra sem hefur yndi af óspilltri náttúru, sögu og þjóðmenningu. Það er raunar skoðun mín að auk þess sem Strandamenn ættu að sækjast eftir að ferðamenn séu rólyndir unnendur náttúru og sögu, eigi að kappkosta að laða að fjölskyldufólk og eldri borgara, jafnt í hópferðum sem á eigin vegum. Það hljómar sérlega vel að geta boðið upp á náttúruvæna fjölskylduparadís. Í þessari skýrslu er leitast við að sem flestar tillögur um markaðssetningu og afþreyingu séu sniðnar að þessum hópi fólks. Hugmyndir um að laða yngra fólk til sýslunnar verða einnig að samræmast ímyndinni og geta þá tengst íþróttum, útivist og sumarbúðum.

Erlendir gestir eru enn sem komið er ekki stór hluti af þeim ferðalöngum sem sækja Strandir heim. Ástæðan er að hluta til sú að ferðaskrifstofur sem bjóða upp á skipulagðar ferðir hafa ekki sýnt svæðinu áhuga, enda litlir möguleikar á afþreyingu að náttúruskoðun og gönguferðum slepptum. Öll vinna að kynningarmálum og úrbótum heima fyrir skilar þó auðvitað fleiri erlendum ferðamönnum jafnt sem innlendum á Strandir. Erlendir ferðamenn hafa gjarnan áhuga á ómengaðri náttúru og þjóðfélaginu sjálfu. Þeir vilja sjá hversdagslíf nútíma Íslendinga og hvernig þeir bera sig að í lífsbaráttunni, starfi og leik.

Kannanir sýna að nærri sjötti hluti íslenskra ferðamanna er á faraldsfæti til að heimsækja ættingja sína eða vini. Ætla má að sá hluti sé ekki minni á

Ströndum, þó engar markvissar athuganir hafi farið fram á ferðaástæðum og venjum þeirra sem þangað sækja. Einnig eru allmargir á ferð um héraðið vegna þess að þeir eru ættaðir af Ströndum eða hafa búið þar áður. Mikilvægt er að reyna að höfða til þessa hóps sérstaklega og leita leiða til að hvetja hann til ferðalaga um Strandir og jafnframt að gera vel við hann á einhvern máta. Best færi á að í þeim efnum yrði haft samráð við átthagafélög Strandamanna. Þá er mikilvægt að hvetja mótshaldara ættarmóta til að halda þau í héraðinu og gera þeim lífið léttara, enda getur slíkt verið hvalreki fyrir hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. Sérstaklega verður fjallað um aðgerðir í þeim efnum í kaflanum *Hátíðir, uppákomur og skemmtanir.*

Annar markhópur sem leggja ætti kapp á að ná til eru íbúar vinabæja sveitarfélaga á Ströndum. Tengsl Hólmavíkurhrepps og Raufarhafnar, jafnt sem tengsl hreppsins við bæi á Norðurlöndunum, eru afar snjöll frá sjónarhorni ferðaþjónustunnar. Leggja þarf kapp á að auka gagnkvæm samskipti og kynningu vinabæja. Nefndir sem eru skipaðar af sveitarfélögum í þessu skyni mega því alls ekki leggjast í hýði heldur þurfa þær að vera sívirkar í hugmynda- og samskiptavinnu. Sem dæmi um hugsanlegan vettvang fyrir samstarf má nefna íþróttakeppnir og samskipti skóla og ýmissa félagasamtaka.

Það má ætla að markaður fyrir öfluga ferðaþjónustu í Strandasýslu sé góður. Kannanir sýna að fólk langar til að ferðast um Vestfirði og engin ástæða er til að ætla að annað gildi um Strandir.[1] Hins vegar er ekki samræmi milli fjöldans sem heimsækir einstaka staði og hvert menn langar mest til ferðast. Þannig virðist þurfa meira til að koma mönnum af stað á vit ævintýra í Strandasýslu en annars staðar á landinu. Þetta er ekki vegna þess að mönnum finnist lítið til um ágæti héraðsins, heldur virðast skortur á afþreyingu og ótti við vegakerfið vera höfuðástæður þess að markhópurinn frestar ferðum þangað. Nú á tímum leggja fjölmargir það helst ekki á bíla sína að aka á malarvegum.

Við þessu þarf að bregðast. Að sjálfsögðu eiga sveitarstjórnarmenn og velunnarar sýslunnar í landsmálapólitík að leggja höfuðkapp á að þrýsta á um bættar samgöngur, jafnt tengingar við önnur héruð og innan sýslunnar. Um leið mega heimamenn ekki blekkja sig til að halda að fjöldi ferðamanna aukist sjálfkrafa með betri samgöngum eða að þær séu forsenda fyrir breytingum. Það þarf að velta upp spurningum um hvernig megi gera það besta úr samgöngunum. Sums staðar á leiðinni norður í Árneshrepp eru vegirnir t.d. í sjálfu sér sjaldséðar minjar um vegagerð liðins tíma.

Það er líklegt að Íslendingar hafi þá hugmynd um vegakerfið á Ströndum að það samanstandi að stofni til af vegleysum, malbik þekkist ekki og engum detti

[1] Ein könnun sýndi að tæp 30% úrtaks á höfuðborgarsvæðinu langaði mest að ferðast til Vestfjarða. Niðurstaðan var aðeins hagstæðari fyrir Austfirði.

í hug að fara þangað ótilneyddur á bíl sem er undir fimm ára aldri. Í kynningum þarf að taka á þessu vandamáli. Það er best gert með því að segja satt, eins og annað í markaðssetningunni. Vekja þarf athygli á því að vegurinn í Bjarnarfjörð er orðinn nokkuð góður eftir miklar umbætur á síðustu árum, en á leiðinni norður í Árneshrepp borgi sig að fara rólega enda margt að skoða. Gæta þarf þess að vekja athygli fjölmiðla á öllum samgöngubótum sem nöfnum tjáir að nefna og best væri að hafa uppákomur og hátíðahöld fyrir hvern þann spotta af malbiki sem er lagður.

Kynning byggð á sögu og sögnum

Það er mikilvægt að vinna markvisst að því að nýta sem flesta miðla til að kynna sýsluna og möguleika ferðamanna þar. Upp á síðkastið hafa Ferðamálasamtök Vestfjarða verið dugleg við að markaðssetja Strandasýslu sem ferðamálasvæði, en Héraðsnefnd, sveitarstjórnir og Ferðamálafélag Strandasýslu hafa ekki staðið sig eins vel. Heimamönnum ætti að vera keppikefli að leggja sitt af mörkum, þó sjálfsagt sé að leita eftir faglegum stuðningi, t.d. hjá Vestfjarðasamtökunum eða Ferðamálaráði. Auglýsa þarf svæðið sem valkost í heild sinni og leggja áherslu á að draga fram sérstöðu sýslunnar. Þannig hefur lítið að segja til að laða ferðamenn á staðinn að þjónustuaðili kynni starfsemi sína, en auðvitað skiptir máli fyrir hann að ná til sín þeim sem eru á faraldsfæti.

Kynningarbæklingar eru eitt algengasta formið á auglýsingum samtaka í ferðaþjónustu. Áður en slíkir bæklingur eru gerðir þarf að vera ljóst hvert markmiðið með honum er, fyrir hverja hann er ætlaður og hvernig og hvar á að dreifa honum.[2] Vel þarf að vanda til verka, nota áhugaverðar myndir og kort og freista þess að fræða lesandann. Draga þarf fram skemmtilegar sögur og sagnir og leggja áherslu á þær ásamt fróðleik um mannlíf og náttúru. Mikilvægt er að dreifa útgefnu efni á ferðaskrifstofur, upplýsingamiðstöðvar og til leiðsögumanna.

Hægt er að laða að ferðamenn með ýmsu öðru móti. Það má t.d. skipuleggja auglýsingaherferð í fjölmiðlum landsins og þá er einnig hægt að nýta til að koma fróðleik og upplýsingum á framfæri á annan hátt. Þetta gildir jafnt um sjónvarp, útvarp, tímarit og dagblöð. Menn ættu að keppast við að vekja athygli fréttaritara á hvað er á seyði í ferðaþjónustumálum, senda fréttatilkynningar, fá viðtöl og kynna svæðið. Ritfærir einstaklingar í sýslunni myndu vinna þarft

[2] Bæklingur sem Ferðamálasamtök Vestfjarða gáfu út 1994 er kjörið dæmi um sérlega vel heppnaðan bækling þar sem menn hafa greinilega haft markmiðin á hreinu. Tilgangurinn, að vekja áhuga á svæðinu, tekst afbragðs vel og í bæklingnum er ekkert af óþarfa upplýsingum um það sem allir vita að er fyrir hendi alls staðar. Upplýsingar um þjónustuaðila eru síðan í sérstökum bækling í héraðinu.

verk með því að skrifa greinar í blöð og tímarit þar sem sýslan í heild væri kynnt í anda ímyndarinnar.[3] Eins þarf að hafa augun opin fyrir kostnaði og möguleikum á að kynna sýsluna með þeirri tækni sem tölvunetin og margmiðlun bjóða upp á og eins að skoða kosti upplýsingabanka eins og Ferðavakans og AskAsk. Heimasíða sýslunar á Internetinu getur mjög vel komið til greina sem kynning.

Önnur leið til að vekja athygli fjölmiðla er að skipuleggja og setja saman á hverju vori skemmtilega ævintýraferð þar sem það besta sem svæðið hefur upp á að bjóða er kynnt. Í hana yrði síðan boðið fulltrúum frá völdum fjölmiðlum. Sá kostnaður sem þetta hefði í för með sér myndi eflaust skila sér.

Eins verður að hafa í huga að öll útgáfa á les- og myndefni um sýsluna nýtist sem kynning og skilar sér í auknum áhuga. Þetta gildir hvort sem um kynningar- eða söluefni er að ræða og ef vel tekst til getur útgáfustarf þjónað mikilvægu hlutverki við markaðssetningu og mótun ímyndar sýslunnar. Svo dæmi sé tekið er útgáfa eins og nú stendur fyrir dyrum á völdum þjóðsögum og sögnum úr sýslunni afskaplega mikilvæg og gagnleg fyrir ferðaþjónustuna. Þar er markvisst miðað að því fræða og skemmta bæði ferðamönnum og íbúum sýslunnar.

Myndefni er ekki síður hægt að nota til kynningar. Hugsanlega er hægt að gefa út kynningarmyndband sem greinir frá sérstöðu héraðsins: Mannlífi, náttúru, bókmenntum, menningu, sögustöðum og minjum. Jafnt er hægt að taka á afmörkuðum þáttum sem héraðinu í heild, en þess yrði að gæta að upplýsingar úreltust ekki. Áður en slík vinna færi af stað yrði að skilgreina vel hvernig ætti að koma myndbandinu á framfæri, selja það eða dreifa.

Það er líka hægt að laða að ferðamenn með ljósmyndum. Ein hugmyndin sem kviknaði við gerð skýrslunnar var að fá ungan og metnaðargjarnan ljósmyndara, helst nýkominn úr námi, til að fara í yfirreið um sýsluna. Hann myndi taka hér um bil þúsund náttúru- og mannlífsmyndir með listræna þáttinn að leiðarljósi, en gefa um leið raunsanna mynd af sýslunni. Verkkaupi myndi semja um að eiga sýningar- og birtingarrétt myndanna og nánar um hvernig höfundarrétti og möguleika ljósmyndara og kaupanda á nýtingu myndanna væri háttað. Ljósmyndarinn þyrfti að koma bæði sumar og vetur og dvelja a.m.k. viku í senn. Bæði til að ná misjöfnu veðri og vegna þessa að myndataka sem þessi krefst talsverðra gönguferða. Að sjálfsögðu yrði undirbúningur, skipulag og leiðsögn heima fyrir að vera í góðu lagi. Ef menn kjósa má eins taka upp samstarf við ljósmyndara sem mikið hefur myndað á Ströndum.

[3] Í þessu sambandi má nefna mjög góða og áhugavekjandi grein í Morgunblaðinu 14. júlí 1995 eftir Halldóru Jónsdóttir, leiðsögumann og umsjónarmann með merkingu gönguleiða á Ströndum. Hún er einmitt skrifuð í þessum anda.

Síðan yrðu valdar úr u.þ.b. 50-60 myndir og sett upp heildstæð ljósmyndasýning: *Ævintýraferð um Strandir*. Fenginn yrði fagmaður til að semja sýningartexta (a.m.k. á íslensku og ensku) og skipuleggja sýninguna. Hún gæti síðan verið á einum stað eða á flakki um Strandir á sumrin. Yfir vetrartímann legði sýningin síðan land undir fót og yrði sett upp tímabundið á stöðum sem henni hæfa og þar sem menn vilja taka á móti henni. Slík farandsýning myndi vafalaust hafa mikið að segja við að kynna sýsluna og auglýsa sérstöðu hennar.

Til að nýta slíkt myndasafn betur væri hægt að gefa út bók eða kilju með völdum myndum, þeim sömu og á sýningunni eða öðrum.[4] Auk þess sem vanda þyrfti myndaval við slíka bókagerð, yrði að leggja sérstaka áherslu á að textar væru fræðandi og skemmtilegir. Sannkallaður menningarauki væri að slíkri myndabók. Auk þess væri hægt að selja stækkanir á einstökum myndum úr safninu, setja myndir á póstkort eða almanök og sniðugt væri að setja ljósmyndasýningu um sýsluna inn á Internetið. Ljósmyndarinn ætti ekki síður að hafa ávinning af verkefninu sem ætti að ná verðinu allmikið niður. Aðeins þyrfti að stækka þær myndir sem færu á sýninguna en aðrar filmur væri nóg að framkalla og gera negatífu af þeim til að velja úr. Sjálfsagt væri að þeir aðilar sem standa í ýmiskonar útgáfu eða bæklingagerð nýttu sér ferð ljósmyndarans og pöntuðu myndatökur fyrir önnur verkefni sem eru á döfinni.

Verkefni sem þetta hefur talsverðan kostnað í för með sér. Á móti kemur að það er sennilega vel styrkhæft úr einhverjum menningar- og ferðamálasjóðum og útgáfa kilju með myndum af Ströndum myndi örugglega borga sig sjálf. Auðvitað er hægt að safna saman myndum ýmissa atvinnu- eða áhugaljósmyndara á sýningu, en hætt er við að hún verði ekki jafn góð og ef myndir eru markvisst teknar í þessum tilgangi.

Þriðji kosturinn er að halda ljósmyndasamkeppni undir yfirskriftinni *Mannlíf og náttúra á Ströndum*. Bæði mætti skila inn í hana nýjum myndum og nýlegum en þær yrðu skilyrðislaust að vera úr sýslunni. Þá þarf að gera mönnum ljóst að bestu myndirnar verði gefnar út í bók og sett upp sýning með völdum myndum. Með því að auglýsa samkeppnina að vori og hafa skilafrestinn til hausts er metnaðargjörnum áhugaljósmyndurum gefinn kostur á að taka myndir sérstaklega fyrir keppnina. Hægt er að skipta efni sýningarinnar niður í t.d. fimm flokka eða þemu þar sem nánar er skilgreint hvernig myndum er verið að leita eftir. Veita verður vegleg verðlaun í hverjum flokki og eins fyrir bestu myndaröðina. Mér finnst ekki ólíklegt að stórfyrirtæki sýslunnar séu tilbúin til að gefa verðlaun í slíkri keppni.

[4] Á árinu 1995 var gefin út slík bók um Vestmannaeyjar, í fimm gerðum á mismunandi tungumálum. Hún var markvisst gerð til að nýtast við sölu- og markaðsstarf í ferðamálum, jafnt fyrir Íslendinga og Vestmannaeyinga. Bókin var 128 síður og skipt í sjö kafla sem innihéldu ákveðin þemu. Ljósmyndarinn hafði safnað myndefni í bókina um tíu ára skeið.

Að skemmta ferðamönnum

Ferðamenn hafa vanda til að staldra við þar sem þeir hafa nóg við að vera og þar sem þeim líkar útsýnið, veðrið og þjónustan. Veðrinu geta Strandamenn sennilega aldrei stjórnað en með markvissu starfi og stefnumörkun, allnokkrum fjárútlátum og uppbyggingu, geta þeir verið vongóðir um að ferðamönnum verði skemmt. Hagnaður heimamanna í þjónustu og verslun eykst í réttu hlutfalli við dvöl ferðamanna og því skiptir miklu að þeir dvelji lengur og snúi ánægðir heim. Ef það tekst eru líkur til að þeir komi aftur og ánægðir ferðamenn eru besta og mikilvægasta auglýsing sem svæðið getur fengið.

Í þessum og næstu köflum skýrslunnar verða settar fram hugmyndir um útfærslu á sérkennum sýslunnar í ferðaþjónustunni með hliðsjón af markhópnum sem var skilgreindur í síðasta kafla. Bjóða þarf upp á fjölbreytta afþreyingu í anda þeirrar ímyndar sem menn kjósa að skapa sýslunni. Slík þjónusta undirstrikar sérstöðuna og gerir hana að öflugra tæki við markaðssetningu. Náttúruleg og atvinnuleg sérstaða Strandasýslu er talsverð, landslagið er stórbrotið, náttúran og dýralíf ómengað og fjölbreytt. Strandamenn lifðu á sauðfjárrækt og útgerð, hákarla- og selveiðum, en ýmis hlunnindi skiptu einnig miklu máli. Margt rekur á fjörur á Ströndum, ógrynni af trjám og timbri bæði fyrr og nú og stundum hvali fyrrum. Bæði sögulega og náttúrulega sérstöðu þarf að setja fram á fjölbreyttan hátt.

Mynd 3: Leiðir til að byggja afþreyingu á sérstöðunni



Það er ljóst að þörfin á aðgerðum til að skapa fjölbreytta möguleika á afþreyingu er meiri á Ströndum en víðast hvar annars staðar á landinu. Á þessu sviði hafa Strandamenn dregist aftur úr. Við því er aðeins eitt ráð, að bregðast hratt og örugglega við. Í skemanu hér á undan er listinni að skemmta ferðamönnum með stuðningi sögunnar skipt í fjóra meginþætti. Þess verður að gæta að allir þessir þættir séu vel af hendi leystir heima í héraði. Þeir ganga ekki almennilega upp nema með stuðningi hver af öðrum og spila saman að því marki að skapa heild í afþreyingunni. Í fjórum næstu köflum skýrslunnar verða þessir flokkar teknir til athugunar, hver fyrir sig.

Að gera menningu og sögu að söluvöru

Hugmyndin er að heimamenn og ferðamenn hafi hag hver af öðrum. Fyrir ferðalanginn verður sumarleyfið ánægjulegt, margt að skoða og ýmis skemmtun í boði. Menn sjá ekki eftir að borga hóflegt verð fyrir vandaða afþreyingu. Um leið er kappkostað að sem flestir heimamenn fái tækifæri til að afla sér aukatekna og atvinnulíf glæðist.

Einn vettvangurinn til að skapa, undirstrika og selja sérstöðuna eru matseðlar héraðsins. Á nokkrum stöðum á landinu bjóða veitingahús upp á nokkurs konar einkennisrétti svæðanna. Sjálfsagt er að gera tilraun til að kynna svæðisbundna matarmenningu á Ströndum fyrr og nú. Ef vel tekst til mega bókstaflega allir sem eiga leið um til með að snæða eða a.m.k. smakka einkennisréttinn.[5] Að sjálfsögðu yrðu veitingamenn að sameinast um hvaða hráefni væri lagt til grundvallar. Réttirnir geta síðan verið mismunandi en þurfa að vera óvenjulegir og vekja athygli. Það má hugsa sér að útbúa einkennisrétti úr selkjöti, hákarli eða öðru sjávarfangi í þessu skyni og eins liggur beint við að nýta sérvalið lambakjöt af Ströndum.

Heföbundnari leið er framleiðsla á minjagripum og handverki sem ferðamönnum er boðið til kaups.[6] Minjagripir ættu í öllum tilvikum og helst að öllu leyti að vera úr hráefni úr sýslunni og unnir af heimamönnum. Þeir auglýsa og undirstrika sérstöðu héraðsins og gefa íbúum tækifæri á að afla aukatekna.

---

[5] T.d. má nefna að við Mývatn spila menn með silunginn í þessu skyni og á Egilsstöðum er meira að segja boðið upp á hamborgara úr hreindýrakjöti í annarri vegasjoppunni. Á norðanverðu Snæfellsnesi er sjávarfangið nýtt í þessa þágu, réttirnir eru óvenjulegir og tengjast svæðinu: Ígulker, sæbjúgu, hrogn og reyksoðin hörpuskel. Egg úr Breiðafjarðareyjum eru á matseðlinum á viðeigandi tíma.

[6] Það er aðeins hluti af handverkinu sem getur talist til minjagripa eða getur þjónað hlutverki sem slíkir. Handverk getur haft fegurðar- eða notagildi, án þess að tengjast framleiðslusvæðinu á nokkurn hátt. Framleiðsla slíkra gripa hefur oft mikið að segja fyrir atvinnulífið og kynnir alla aðra framleiðslu svæðisins. Í þessari skýrslu verður hins vegar einkum fjallað um minjagripi og handverk sem byggir á menningarhefð svæðisins og náttúrulegri sérstöðu.

Minjagripagerð og handverksstarf í sýslunni virðist raunar vera á réttri leið. Á Hólmavík hefur t.d. verið stofnaður félagsskapur með því skemmtilega nafni Strandakúnst. Félagið hefur skipulagt sölustarf og markaðssett handverk félagsmanna, velt fyrir sér möguleikum í vöruþróun og staðið fyrir námskeiðahaldi og útimörkuðum. Strandakúnst hefur selt handverk á Hólmavík á sumrin og bauð reglulega upp á kaffi og með því síðasta sumar. Þetta starf þarf að efla og styrkja eftir því sem kostur er. Sveitarfélög og Héraðsnefnd ættu t.d. tvímælalaust að styrkja námskeiðahald þar sem hæfir kennarar í ýmsum íþróttum handverksins kenna kúnstir sínar. Þá ætti félagsskapurinn að huga að þátttöku í handverkssýningum á landsvísu.

Helst þurfa minjagripir að vera svo einkennandi fyrir svæðið að ferðamenn fari ekki þaðan án þess að kaupa þá. Þetta er t.d. hægt að gera með vörur úr rekaviði, enda er þá sátt Strandamanna við náttúruna undirstrikuð um leið og umhverfisvernd er sett á oddinn. Ef vel tekst til sjá ferðalangar ástæðu til að kaupa vörur úr rekaviði í sýslunni og hvergi annars staðar.

Mynd 4: Hráefni og möguleikar fyrir handverksfólk

Minjagripir og handverk í anda sýslunnar - nokkur dæmi

- Gerð nytjahluta úr rekaviði er mjög tengd sögu sýslunnar. Fyrr á öldum fóru Strandamenn söluferðir um landið með ýmis búsáhöld og Strandasáir voru t.d. mjög eftirsóttir. Útskurðarlist blómstraði einnig og gerðir voru skrautmunir, kistlar og fleira í þeim dúr. Hægt að vinna ýmiskonar skart og skraut, leikföng og nytjavöru úr timbrinu. Eins má huga að því að smíða og skera út eftir gömlum fyrirmyndum.
- Selveiðar voru hlunnindi sem skiptu miklu máli fyrr á öldum á Ströndum. Ef það er ekki of kostnaðarsamt er hægt að byggja á þeirri hefð við gerð minjagripa og nýta selskinnið. Bæði er hægt að búa til lítil dýr úr skinni og eins ýmis konar skjólfatnað, selskinnsskó, lúffur, húfur og jafnvel framsóknarkápur.
- Önnur hlunnindi sem hægt er að nýta í þessu skyni er æðardúnn. Vel væri ef fullvinnsla á þeirri afurð færðist að einhverju leyti heim í hérað.
- Hvalrekar voru tíðir á Strandir áður fyrr og björguðu oft sýslubúum í þrengingum. Eitt sem hægt er að nýta við gerð minjagripa eru beinin af þessum skepnum, þó framboðið verði í því tilfelli að stjórna framleiðslunni. Sagan segir að úr hvalbeini sé hægt að gera ýmis konar gripi. Hugsanlega er á sama hátt hægt að nota sauðabein.
- Úr horni sauðkindarinnar voru ýmsir nytjahlutir unnir áður fyrr. Kannski má nýta þetta hráefni til þess að gera einhverja skrautmuni.

⌘ Fjörurnar á Ströndum eru lengri en gengur og gerist og eitt af því sem þar er að finna eru skeljar af ýmsum stærðum og gerðum. Vel má hugsa sér að vinna einhverja minjagripi úr þeim, en þess verður þó að gæta að eftir sem áður verði skemmtilegt að fara í fjöruferð fyrir börn sem fullorðna.

⌘ Í Mókollsdal í Kollafirði eru bleikjuholt sem eru fræg úr ferðabókum og náttúrulýsingum. Fyrr á öldum kom oft til tals að vinna þá mjúku leirtegund sem þar er að finna, en hún er sambærileg við postulínsleir. Það er kjörið að gera tilraun til að búa til minjagripi úr þessum leir, svo framarlega sem það samræmist sjónarmiðum náttúruverndar. Í Hvítamel milli Bæjar og Drangsness er einnig að finna dökkbrúnan leir, sem fær rauðleitan blæ og léttist mjög, ef hann er brenndur. Hugsanlega má nýta þessar afurðir náttúrunnar í litlum mæli.

⌘ Víða eru fallegar steinamyndanir á Ströndum og grjót sem auðvelt er að slípa og vinna minjagripi úr. Við Þrúðardalsá má t.d. finna glerhalla og í skriðu úr Bæjarfelli er sagt að sé að finna eina furðusmíð náttúrunnar, bæði rauðan, bleikan og gulan sandstein innan um hart grágrýti. Í steinunum sitja fíngerðir kvarskristallar, og þekja stundum mestan hlut steinanna en eru stundum aðeins í sprungum. Þá hefur verið sagt að umhverfis Drangsnes reki stundum ofurlítið af gulum spatsteinum, bæði kristölluðum og hálfgegnsæjum. Þá er sjálfsagt að selja óskasteina og aðra töfrasteina fyrst Strandamenn eru svo lánsamir að eiga tjörn innan sinna landamerkja þar sem slíkir gripir fljóta upp á Jónsmessunóttu. Ein afurð til sem hæfir vel sögu sýslunnar eru steintröll af Ströndum sem búa má til í ýmsum stærðum og gerðum.

⌘ Með hliðsjón af galdrasögu sýslunnar má ætla að galdrastafir, hvort heldur sem er skornir í tré eða málaðir á steina geti orðið söluvara. Úr málmum má gera galdrastafi að fallegum skartgripum. Hér eins og annars staðar þarf að leggja áherslu á fallega hönnun og að fróðlegar og vandaðar upplýsingar fylgi gripunum. Nærri allt sem ég hef séð af slíkum varningi annars staðar á landinu er illa gert og óvandað. Merki sýslunnar, Ægishjálminn, er tilvalið að leggja til grundvallar við þessa vinnu.

⌘ Að lokum má minna á að fyrir nokkrum árum var haldin samkeppni um minjagripi sem byggðu á sérstöðu sýslunnar. Þær hugmyndir sem þar komu fram hlýtur að vera hægt að nýta í ferðaþjónustunni.

Það er mikilvægt að vanda alla framleiðslu eins og kostur er og verðleggja handverkið hóflega. Aðeins þannig næst árangur. Það er staðreynd að víða um land er hugmyndin bak við minjagripagerð og ýmsa aðra þjónustu fyrst og fremst að hafa fé af ferðamönnunum. Slíkt er einkenni á fúski í ferðaþjónustunni. Kappkosta á um að báðir aðilar hafi hag af öllum söluvarningi og þjónustu. Ferðamaðurinn á líka að vera ánægður vegna þess að hann fékk

vandaða vöru og þjónustu fyrir aurana sína. Ef vel er að verki staðið getur minjagripasala orðið mikilvæg aukabúgrein fyrir fjölmargt lagið handverksfólk á Ströndum. Góður handverkshópur getur orðið ein besta kynning sýslunnar.

Þó það sé ekki markmið skýrslunnar dettur mér ekki í hug að láta hjá líða að vekja athygli á hversu stutt er frá framleiðslu á vörum fyrir ferðamenn yfir í iðnað og markaðssetningu utan sýslu. Rekaviðurinn er t.d. kjörið hráefni til slíkrar framleiðslu og hún er raunar þegar hafin. Ferðamálasamtök Vestfjarða og Búnaðarsamband Strandamanna hafa látið hanna leiktæki úr rekavið og nú er farið að huga að smíðinni. Slík tæki falla mjög vel að ímynd sýslunnar og þeim ætti að koma upp sem víðast, auk þess sem væntanlega er markaður fyrir þau á landsvísu. Í sama skipti voru hönnuð skilti úr rekavið til að merkja áhugaverða staði - vistvænna getur það varla verið. Þá þarf að hrinda í framkvæmd frekari hugmyndum um nýtingu viðarins, en talað hefur verið um að borð og bekkir á tjaldstæðum á Vestfjörðum verði úr rekavið og jafnvel reist tjaldstæðahús og lítil sumarhús. Á Ströndum þarf einnig að gera gangskör að því að setja niður borð og bekki utan tjaldsvæðanna, nærri áningarstöðum akandi og gangandi ferðamanna. Annað sem virðist ekki óhugsandi er að setja upp litla leikfangasmiðju þar sem rekaviður væri nýttur til að smíða leikföng eftir nokkrum vel völdum hugmyndum. Ef vel tekst til er hægt að gera gripi úr rekaviði að því á Ströndum sem skrautmunir úr íslensku grjóti eru fyrir Borgarfjörð eystra. Frá Álfasteini fer enginn án þess að kaupa sér stein, stundum eitthvað sem þeim dytti varla í hug að kaupa annars staðar á landinu.

Þá má benda á að það getur verið hagnaður af því fyrir menn í framleiðslugreinum að leyfa ferðamönnum að kynna sér framleiðsluferlið, skoða afraksturinn og jafnvel smakka ef framleiðslan er matarkyns. Slíkt getur hvort tveggja aukið hróður fyrirtækisins og kynnt framleiðsluna. Hákarlsverkun, sem er mjög í anda sögu sýslunnar, er t.d. þess eðlis að framleiðendur ættu tvímælalaust að leyfa mönnum að kynnast framleiðsluferlinu. Það sama gildir um annan smáiðnað og handverksfólk. Þá má hugsa sér að fyrirtæki í kjöt- og fiskvinnslu kynni afurðir sínar í tengslum við hátíðahöld og uppákomur í sýslunni.

Þekking heimamanna er lykilatriði

Það er mjög mikilvægt að Strandamenn átti sig á þeim möguleikum sem svæðið býður upp á og viti hvað er á döfinni. Aðeins með því móti geta þeir miðlað upplýsingum. Það er einnig forsenda þess að menn treysti sér í slíkan atvinnurekstur að þeir sjái fram á öflugan stuðning frá markvissri stefnu sveitarstjórna á svæðinu. Því verður að leggja kapp á að kynna heimamönnum

þær hugmyndir sem koma fram, vinnuna að ferðaþjónustumálum og stefnu ráðamanna, t.d. með fundahöldum og fréttabréfum.

Eins er nauðsynlegt að aðilar í ferðaþjónustu þekki sögu síns svæðis og helst sýslunnar allrar nokkuð vel. Víða eru þau mál sjálfsagt í nokkuð góðu lagi, en alltaf er hægt að gera betur. Nokkrar leiðir eru færar til að gera úrbætur í þessum efnum, t.d. með útgáfu á kynningarefni (sjá kaflann *Sögustaðir og upplýsingaþjónusta*), leiðsagnarnámskeiðum og söguferðum fyrir ferðamenn og heimamenn (sjá kaflann *Skipulagðar ferðir um Strandir*). Eins væri þarft að ferðamálafélag sýslunnar stæði að reglulegum ráðstefnum aðila í ferðaþjónustu þar sem fyrirlestrar um sögu og sérstöðu sýslunnar væru fluttir og ýmis mál varðandi stefnumótun rædd og kynnt.

Þá er vel hugsanlegt að grundvöllur sé fyrir að halda stutt námskeið um sögu sýslunnar sem væri öllum áhugamönnum opið. Af slíku væri mikill menningarauki. Ef til vill er hægt að vinna að slíku námskeiðahaldi í samráði við skólana á svæðinu, en í framtíðinni verður áreiðanlega vinsælla en nú að gera umhverfi og átthögum skólabarna góð skil í námsefninu.

Sögustaðir og upplýsingaþjónusta

Á Ströndum er yfirdrifinn fjöldi markverðra staða, sem eiga sér hver öðrum áhugaverðari sögu. Þessa staði, sögulega atburði, sagnir og stórmenni sýslunnar þarf að virkja í þágu ferðaþjónustunnar. Einn mikilvægasti þátturinn í því er miðlun upplýsinga.

Sögustaðir og stórmenni sýslunnar

Ferðamenn hafa að jafnaði áhuga á sögu og menningu þeirra svæða sem þeir sækja heim. Mörgum þykir t.d. mikið til koma að vita hvar söguslóðir Íslendingasagna eru og hvenær þeir aka þar hjá. Strandasýsla er raunar ekki mjög auðug af slíkri sögu, yfirleitt eiga hetjurnar aðeins leið um svæðið án þess að framkvæma stórvirki. Því er varla hentugt að bjóða upp á sérstakar söguferðir um slóðir Íslendingasagna eins og víða er gert, þó vissulega eigi að tengja atburði sagnanna við gönguleiðir og ferðalög undir leiðsögn ef möguleikar eru á því. Margir vilja vita hvað gerðist hvar á sögu- og þjóðveldisöld, hverjar voru landnámsjarðir, í hvaða hólum fornmenn eru grafnir og hvernig örnefni eru skýrð. Öfugt við Íslendingasagnahefðina er þjóðsagnahefð Strandamanna ríkuleg, þar eru söguslóðir tröllа, huldufólks og drauga, sennilega algengari en í öðrum héruðum. Fjölmargir staðir eru tengdir þessum vættum og verum órofa böndum og þjóðsagnirnar skýra náttúruna og gefa henni líf.

Fleiri sögufræga staði er að finna í sýslunni. Þrjár af kirkjunum teljast elstu hús sem þar er að finna, byggðar á árunum 1850-55. Á Borðeyri og Hólmavík eru Riis-húsin aldursforsetar og nú er unnið við lagfæringar á húsinu á Borðeyri. Gömlum húsum sem ákveðið hefur verið að vernda þarf að finna tilgang í ferðaþjónustunni. Slíkt hjálpar oft við endurbyggingu þeirra enda er viðhorf til gamalla húsa og fjármagn til viðhaldsins oft nokkuð háð tilgangi hússins.[7] Öll þorpin eiga sér auk þess merkilega sögu. Borðeyri var mikill verslunarstaður og á sér afar merka sögu á síðari hluta 19. aldar á meðan hin þorpin eru að öllu leyti 20. aldar fyrirbæri. Blómaskeiði síldarstaðanna í Árneshreppi er lokið og risavaxnar verksmiðjurnar í Ingólfsfirði og Djúpavík eru áhugaverðar minjar um atvinnusögu sýslunnar.

---

[7] Þeir staðir þar sem íbúarnir hafa verið duglegir að viðhalda gömlum húsum, hafa notið verðugrar athygli fyrir. Íbúar Stykkishólms og Seyðisfjarðar hafa t.d. verið mjög iðnir við að lagfæra gömul hús í upprunalegri mynd. Í hjarta Hólmavíkur er að finna nokkuð heillega götumynd frá fyrstu áratugum aldarinnar sem væri mjög áhugaverð ef húsin væru almennt gerð upp.

Á Laugarhóli er friðlýst setlaug sem Guðmundur biskup góði á að hafa vígt á 13. öld. Bjarnfirðingar böðuðu sig í henni áður fyrr og höfðu m.a. til siðs að hittast þar og fara í jólabaðið á Þorláksmessu. Þjóðtrúin segir að vatnið hafi lækningamátt og allt fram á miðja þessa öld var tekið vatn úr lauginni til að þvo sjúkum. Þá var og er enn sótt í hana vatn til drykkjar en það er sagt sérstaklega hreint og heilnæmt. Hótelrekendur á Laugarhóli ættu því að hafa nokkra möguleika á að kynna staðinn og dvöl þar sem hina mestu heilsubót. Jafnvel væri hægt að gera tilraun til að fá hópa til að dvelja á hótelinu í svo sem vikutíma, auk hinna venjulegu ferðalanga, enda hljóta menn að koma endurnærðir úr fríi á slíkum stað. Það er rétt að taka fram að það er langt í frá einfalt eða auðvelt að hrinda slíkri hugmynd í framkvæmd. Dagskrá vikunnar þyrfti að skipuleggja mjög vel og vinna alla hugmyndavinnu og áætlanagerð rækilega áður en af einhverju slíku yrði.[8]

Nöfnum þeirra fáu Strandamanna sem hafa náð svo langt að verða landsfrægir ber einnig að halda á lofti. Frá fyrri öldum er það kannski Jón lærði Guðmundsson sem er frægastur allra, alþýðufræðimaður sem orti rímur, skrifaði um þjóðtrú og náttúrufræði, setti niður drauga og var með uppsteyt við sýslumanninn í Ögri vegna Spánverjavíganna 1615. Hann fæddist í Ófeigsfirði og ólst upp þar og á Ósi, giftist konu frá Húsavík og bjó með henni í Stóra-Fjarðarhorni, Ávíkum og víðar í Árneshreppi. Þá hafa alþingismenn, rithöfundar og listamenn Strandamanna gert garðinn frægan allt frá því fyrir miðja 19. öld. Á þessu fólki þarf að vekja athygli og reisa því bautastein í föstu formi eða lausu.

Mynd 5: Á söguslóðum í Strandasýslu

Nokkrir sögustaðir sem auðvelt er að nýta í ferðaþjónustunni

- ⌘ Í Eyrbyggju kemur Óspakseyri allmikið við sögu, þar bjó ójafnaðarmaðurinn Óspakur með flokk af illvirkjum og þar var háður mikill bardagi. Finnbogi rammi bjó á Finnbogastöðum um skeið og varðist óvinum sínum þar í hlíðinni. Svanur sem bjó á Svanshóli er kunnur úr Njálu, fjölkunnugur og villti um fyrir mönnum. Hann gekk að lokum í Kaldbak. Sögusvið Hrómundar þáttar halta er Hrútafjörður, Fagrabrekka þar sem háð var mikil orrusta, Kjörseyri og Melar.
- ⌘ Borðeyri er gamall verslunarstaður og sömuleiðis Kúvíkur (Reykjarfjörður) og Skeljavík. Þéttbýlin Hólmavík, Drangsnes, Norðurfjörður, Djúpavík og Ingólfsfjörður eiga einnig öll merka sögu sem þarf að koma á framfæri.

[8] Hægt væri að bjóða upp á rólegar gönguferðir undir leiðsögn, veiðiferðir í kyrrðinni og hreina loftinu, heilsuböð, sund og jafnvel jurtafæði sem byggðist á íslenskri náttúru. Reglulegar rútuferðir með leiðsögumanni til að skoða nágrennið á afslappaðan hátt yrðu náttúrulega hluti af fjörinu.

⌘ Á Gjögri, Eyjum og Skreflum voru verbúðir fyrr á öldum og gert þaðan út á hákarl á vorin. Gjögur er sennilega þekktasta hákarlaveiðistöð landsins.

⌘ Kirkjur sýslunnar eru hver annarri merkilegri og fallegri. Þarft væri að þær stæðu ferðamönnum opnar á ákveðnum tímum en það útheimtir sennilega vöktun, svo lausir gripir taki ekki upp á því að hverfa. Það hefur aftur þann kost í för með sér að þá er hægur vandinn að bjóða upp á leiðsögn og fræðslu um kirkjuna. Staðarkirkja og gamla kirkjan í Árnesi eru nýlega viðgerðar og einhver hreyfing er á viðhaldsmálum á Kaldrananesi. Á Hólmavík hefur sóknarnefndin unnið að því að gera umhverfi kirkjunnar enn glæsilegra og frekari vinna stendur til.

⌘ Fjölmargir staðir á Ströndum eru þekktir úr þjóðsögum og óvenju mörg tröll og draugar hafa átt blómaskeið sitt þar. Tröll sem orðið hafa að klettum standa t.d. við Kollafjarðarnes, Drangsnes og frammi í Selárdal. Margir draugar eru tengdir ákveðnum svæðum eða bæjum, t.d. Feykishóladraugurinn, Ennis-Móri, Pjakkur í Vatnshorni, Selkolla, Sunndals-Helga, Ófeigsfjarðar- eða Seljanes-Móri og Flóskudraugurinn í Naustvíkum. Álfaborgir og álagablettir eru víða og Guðmundur biskup góði á að hafa vígt fjölmarga kletta, lindir og læki í sýslunni.

⌘ Trékyllisvík er sögusvið galdrafárs og lífláta á 17. öld. Aftökustaðurinn er þekktur og allmiklar heimildir til um þessi mál. Ýmsar sögur og sagnir hafa lifað um galdra og galdramenn í Árneshreppi og raunar víðar á Ströndum. Annar aftökustaður frá fyrri öldum er þekktur, Gálgaklettur, en hann er nú kominn undir nýja veginn við Hrófberg.

Ef Strandamenn ætla að gera gangskör að því að markaðssetja sýsluna fyrir ferðamenn í þeim anda sem lagður er til hér að framan verða þeir að vera áhugasamir um minjavernd. Á svæðinu þarf að vernda bæði gömul hús og mannvirki, jafnt sem gömul og lúin atvinnutæki sýslubúa. Allnokkuð starf hefur sem betur fer verið unnið í þessum anda á síðustu árum. Viðgerðir og endurbyggingar geta bjargað ómetanlegum dýrgripum menningarsögunnar. Þetta á t.d. við um Gvendarlaug, sæluhúsið á Steingrímsfjarðarheiði, Riis-húsið á Borðeyri og kirkjurnar á Stað og í Árnesi. Þá hefur heyrst að Hólmvíkingar hyggist varðveita og sýna ferðamönnum eikarbátinn Hilmi þar í þorpinu. Um leið og öllu þessu framtaki er hrósað er rétt að taka fram að þörf er á stefnumótun til framtíðar í þessum efnum.

Kortleggja þarf aðgerðir í minjavernd í sýslunni, jafnt lítil mál sem stór og gera langtímaáætlun. Það er tillaga mín að verk sem þegar eru hafin, auk margra lítilla verkefna, eigi að setja á oddinn til að byrja með. Af nógu er að taka þegar rætt er um minniháttar verkefni í minjaverndinni. Til dæmis þarf að hlaða upp vörður á fornum gönguleiðum og lagfæra gamlar götur og göngubrýr.

Gamlar réttir, tóftir og naust ættu tvímælalaust að fá að standa og jafnvel að njóta lagfæringar í upprunalegum anda.

Nýframkvæmdum í stærri málum ætti hins vegar að fresta um stund, en halda þeim þó opnum og ganga í þau þegar tími og auraráð leyfa. Þegar kraftar manna eru bundnir við stór og dýr verkefni sem gengur misvel að kosta er alltaf nokkur hætta á að þeir missi móðinn eða þá að þeir telji að verki loknu að ekki sé þörf á frekari minjavernd á svæðinu. Þá vill brenna við að viðhald sé ekki fullnægjandi sem er ótækt. Það liggur í augum uppi að sveitarstjórnir á hverju svæði eiga að taka á sig ábyrgð við viðhald minja. Annað sem þarf að gæta vel að er að klára hvert verkefni almennilega. Það vill koma fyrir að þegar stóru verkefni er lokið hafi smáatriðin sem auðvelt er að bæta úr orðið útundan. Setja þarf upp merkingar fyrir ferðamenn og gefa sögulegar upplýsingar með sýningartextum eða blöðungi. Það má ekki gleyma að markmiðið á hvort tveggja að vera minjaverndin sjálf og að miðla sögunni.

Önnur leið við að koma upp sýningargripum í anda sögu sýslunnar er að byggja á grunni heimildanna. Vitneskja um merkileg fyrirbæri á ýmsum stöðum er fyrir hendi og sjálfsagt er að nýta hana til að skemmta ferðamönnum umfram að segja frá þeim í bæklingum.[9] Að sjálfsögðu verður að koma heiðarlega fram við ferðamennina og skýra satt og rétt frá tilurðinni. Rétt væri að slík uppbygging færi fram í grennd við vinsæla ferðamannastaði, við gönguleiðir eða tjaldsvæði. Þess þarf að gæta að menn gleymi sér ekki og spilli ekki fallegum stöðum og náttúrufyrirbærum við vinnu að slíkum verkefnum.

Mynd 6: Tilbúnir sýningargripir í anda sögunnar

Nokkur dæmi um möguleika í uppsetningu sýningargripa

- Að Feykishólum í Hvalsárdal er hægt að koma upp skemmtilegri gönguleið um merkar söguslóðir. Eitt af því sem sögur segja að hafi verið markvert við Feykishóla er brunnhús sem þar stóð til skamms tíma. Það þótti afar merkilegt vegna hleðslulagsins, en það var topphlaðið úr torfi og engin fjöl né spýta í því. Ef þessi hleðslulist er ekki týnd og tröllum gefin má reisa slíkt hús þar.
- Strandamenn hafa það orð á sér að vera sterkari en annað fólk, einskonar hálftröll. Þetta orðspor hefur byggst upp á síðustu árum og sennilega nær eingöngu vegna afreka Strandamannsins sterka, Hreins Halldórssonar. Fyrr á öldum voru víða aflraunasteinar í grennd við verbúðir. Auðvelt er að koma upp fjórum misþungum steinum fyrir ferðamenn að spreyta sig á og setja upp skilti með útskýringum.

[9] Þjóðveldisbærinn á Stöng í Þjórsárdal er aðeins táknmynd liðins tíma. Menn hafa enga vissu fyrir því hvort nákvæmlega eins bær hafi nokkurn tíma verið til og hvað þá á þessum stað.

⌘ Eitt fyrsta mannvirkið sem sögur fara af á Hólmavík er svokallað völundarhús en þau hafa líklega verið notuð til leikja fyrr á öldum. Lýsingar á öðrum slíkum benda til að þau hafi samanstaðið af nokkrum sammiðja hringjum og lágum stein- eða torfveggjum á milli. Leikurinn fólst í að komast inn að miðju eða út úr húsinu á sem skemmstum tíma án þess að stíga yfir vegg. Auðvelt og kostnaðarlítið væri að hlaða slíkt hús upp í grennd við tjaldsvæði eða útivistarsvæði Hólmvíkinga. Útskýring á leiknum og völundarhúsinu þyrfti að vera þar á skilti.

⌘ Víða á norðanverðum Ströndum voru verbúðarhús sem sjómenn bjuggu í á vorin meðan hákarlavertíðin stóð yfir. Á einhverjum staðnum, sennilega helst Gjögri, væri vel til fundið að hlaða upp og innrétta gamalt verbúðarhús sem ferðamenn gætu skoðað og litið inn í. Ef ekki eru hafðir þar verðmætir lausamunir þarf ekki að hafa stöðugt eftirlit með húsinu. Teikningar og lýsingar á slíkum verbúðum eru til víða og í Bolungarvík stendur gömul verbúð.

⌘ Heimildir eru um að bænhús hafi staðið á allmörgum bæjum í Strandasýslu í kaþólskum sið og fram yfir siðbreytingu. Vel gæti komið til greina að reisa bænhús í gömlum stíl á einhverjum þeirra, en á tveimur þeirra, Bæ og Snartartungu er nú boðið upp á þjónustu við ferðamenn. Slíkt hús yrði án efa vinsæll áningarstaður. Þessi hús voru ekki stór. Bænhúsið í Gröf (skammt frá Hofsósi) sem er talið frá 17. öld og elsta guðshús á landinu er rúmlega 3x6 m að innanmáli.

Það gildir jafnt um þá sögufrægu staði og sýningargripi sem hér hafa verið nefndir og aðra að þeir verða að vera vandlega merktir og aðgengilegir. Oft þarf nokkra vinnu til að svo sé, sums staðar þarf að leggja göngustíga og annars staðar að setja upp borð og bekki til að hægt sé að staldra við og narta í nesti. Ávallt þarf að huga að fötluðum og þeim sem eiga erfitt með gang, hugsanlega er hægt að leggja akbraut að einhverjum stöðum þannig að þeir geti notið þeirra líka. Sem dæmi um slíkan stað má nefna Kúvíkur en merkt gönguleið þarf að vera þangað. Akandi ferðalöngum þarf að gefa markvissar upplýsingar með vegaskiltum og útskot eiga að vera á vegum við staði þar sem hæfa þykir að ferðamenn staldri við.

Leiðir til að kynna sögu og sagnir

Það er því ljóst að víða í sýslunni eru staðir sem full ástæða er fyrir ferðamenn að staldra við á, skoða og hugleiða. Forsenda þess er þó að þeir viti hvar hið áhugaverða er, það er ólíklegt að þeir fái innblástur sem upplýsir þá um söguslóðir. Þekking ferðamanna á landi og þjóð er ekki svo yfirgripsmikil að þeir þekki hvern hól og hverja þúfu. Flestir vita lítið en vilja gjarnan fræðast. Íslenskir ferðamenn vilja því að öðru jöfnu fá uppástungur um hvert skuli halda

og hvar skuli stoppa. Þeir vonast eftir skemmtun og vilja fá tillögur þeirra sem best þekkja til. Þá kemur til kasta heimamanna, þeir verða að standa sig í að koma þessum upplýsingum á framfæri. Jafnt þarf að upplýsa ferðalanga um möguleika þeirra á margvíslegri afþreyingu og um náttúru og sögustaði.

Það er mjög mikilvægt að upplýsingaþjónusta í héraðinu sé í góðu lagi og raunar er oftast lítil hætta á öðru. Ferðamálafélag og þjónustuaðilar hljóta að sjá ávinning í því, auk þess sem sveitarstjórnarmenn vita að það er hagur sveitarfélagsins að fá ferðamenn til að dvelja eins lengi og hægt er innan sinna landamerkja. Upplýsingamiðstöðvar eru því sjálfsagður þáttur í ferðaþjónustu, en nú er auglýst ein slík á Hólmavík. Bæta þarf tveimur til þremur við. Auk þess verða ferðamenn að geta fengið upplýsingar og bæklinga á hverri bensínsölu, hótelum og öðrum viðkomustöðum.

Víða þarf að bæta merkingar og setja upp vegvísa. Lágmarkskrafa í þeim efnum er að allir bæir sýslunnar séu merktir, en það er einnig mikilvægt að merkja minjar og koma á framfæri upplýsingum um örnefni og markverða staði. Á sérstökum söguskiltum má koma fróðleik um atburði, sögu og sagnir til ferðamannanna. Þá má ekki gleyma að merkja þá staði sem bjóða upp á einhverskonar þjónustu. Víða um land er sú furðulega hugmynd á kreiki að þegar heimamenn vita hvar eitthvað er, hljóti allir aðrir að vita það sama.

Í einstökum sveitarfélögum hefur vinnu við að gróðursetja skilti þegar verið hleypt af stokkunum. Það er þó mikilvægt að sýslubúar sameinist um stefnumörkun í þessum efnum og gefi merkingum ákveðinn heildarsvip. Eftir sem áður geta félagasamtök og sveitarstjórnir starfað hver í sinni sveit. Sú hugmynd að gera skilti úr rekavið meðfram göngustígum og víðar er frábær og mjög í anda ímyndar sýslunnar.

Eins er hægt að setja upp útsýnisskífur þar sem hægt er að skyggnast til ýmissa átta. Upplýsingar á slíkum skífum eru oftast um fjöll og tinda, en annar fróðleikur í sjónmáli kemur þar einnig vel til greina. Sá staður sem oftast hefur verið nefndur í þessu sambandi er Ennishöfði og öll grunnvinna fyrir uppsetningu á skífu þar hefur raunar þegar verið unnin af Lionsklúbbnum á Hólmavík. Skoða þarf hvort ekki séu möguleikar á að ljúka verkinu.

Gerð leiðsögubæklinga er sú leið sem flestar byggðir fara til að koma upplýsingum um sína sveit á framfæri. Þeir liggja þá frammi á ferðamannastöðum og hjá upplýsingamiðstöðvum víða um landið. Þeir eru oft nokkuð dýrir, vandaðir eftir því sem kostur er og nauðsynlegt er að hafa í þeim litmyndir og kort. Það er skoðun mín að ekki verði hjá því komist að unninn verði leiðsögubæklingur um Strandir og hann prentaður í mjög stóru upplagi. Kostnaði er hægt að ná niður með því að t.d. Ferðamálafélagið taki að sér umsjón með gerð hans og hæfir einstaklingar leggi málinu lið með sjálfboðavinnu. Fagfólk þarf

þó að kalla til á síðari stigum og í einstaka verkþætti. Í sparnaðarskyni má hafa bæklinginn í styttra lagi, en ekki er ráðlegt að spara í myndavinnu og uppsetningu. Þá þarf textavinna að vera svo góð að hægt verði að nota bæklinginn um árarаðir og upplýsingar í honum mega ekki úreldast. Leiðsögubæklingar eru stundum að hluta kostaðir með auglýsingum og sú leið er fær þó þær verði að vera í hófi. Vert er að hafa í huga að ef eitt fyrirtæki sem auglýsir þjónustu sína í honum leggur upp laupana er komin villa í bæklinginn. Rétt er að kanna þann möguleika að stórfyrirtæki sýslunnar kosti bæklinginn eða gerð hans sé styrkt af aðilum utan sýslu.

Leiðsögubæklingur er hrein viðbót við þá bæklinga sem Ferðamálasamtök Vestfjarða gefa út og markmið hans er allt annað. Í þjónustubæklingi samtakanna eru taldir upp aðilar í ferðaþjónustu í einstökum sýslum og getið um möguleika á afþreyingu, jafn veitingar og verslanir sem byggðasöfn. Stefnt er að því að slíkur bæklingur komi út árlega í framtíðinni. Þá hafa samtökin gefið út bækling um gönguleiðir í einstökum sýslum, þar á meðal Strandasýslu.

En það þarf að fræða ferðamenn um fleira en þjónustu, söguslóðir og merkisstaði sýslunnar. Nauðsynlegt er að þeir viti af menningarviðburðum, uppákomum og skemmtunum, skipulögðum ferðum undir stjórn leiðsögumanna, hvernig og hvar sé hægt að nálgast leiðsögumenn til einkanota, opnunartíma og staðsetningu sýninga, hvenær megi skoða kirkjur og fleira í þeim dúr. Auglýsing í sjoppuglugga dugir ekki til þessa. Því er þörf á öðrum bæklingi sem liggja þarf frammi heima í héraði stútfullur af upplýsingum um þessi atriði. Hann yrði eins konar atburðadagatal þar sem dagsetning, tími, mæting og verð kemur fram og eins hvort skemmtunin sé við allra hæfi. Bæklingurinn þarf að vera tilbúinn snemma sumars og því verða þeir sem vilja kynna sínar uppákomur í honum að hafa fundið þeim dagsetningu með góðum fyrirvara. Þetta getur að vísu reynst mörgum erfitt en með öðru móti minnka möguleikar ferðamanna á að verða vitni að menningarviðburðum og haga ferðum sínum í samræmi við þá. Ef allt er vitað snemma árs er auk þess hægt að útbúa pakkaferðir í samráði við rútu- og flugfyrirtæki og fá þau til að taka þátt í auglýsingakostnaði og kynningum.

Í ferðablaðinu Flóka sem dreift er ókeypis um Vestfirði er raunar slíkt atburðadagatal fyrir fjórðunginn. Það er þó ekki nógu aðgengilegt og týnist í blaðinu.[10] Nú er líklegt að mönnum þyki nóg um bæklingamagnið sem hér er lagt til. Við því má sjá. Lausnin felst í að atburðadagatalið lifi sníkjulífi á leiðsögubæklingnum. Dagatalið, sem inniheldur þessar dýrmætu upplýsingar og auk þess allar auglýsingar, verði prentað eða ljósritað árlega og heftað inn í

[10] Í Flóka 1995 var ekki minnst á einn einasta atburð á Ströndum í dagatalinu. Rétt er að hvetja Strandamenn til að koma góðum upplýsingum til útgefanda þess rits.

miðjuna á aðalbæklingnum. Dagatalið má síðan senda heimamönnum í sumarbyrjun sem fréttabréf. Þó búið sé að leggja línuna fyrir sumarið með þessum hætti er auðvitað allt sem menn finna upp á að gera ferðamönnum til skemmtunar eftir útgáfu dagatalsins af hinu góða. Upplýsingum um þá atburði þarf að koma á framfæri á sama hátt og til þeirra sem ekki gripu með sér bækling. Auglýsingar týnast á sjoppugluggum og því ber nauðsyn til að setja upp sérstök upplýsingabox (auðvitað úr rekaviði) á tjaldsvæðum og víðar þar sem ferðamenn flækjast og fara. Þar væru kynntar á markvissan, tilgerðarlausan og skipulegan hátt þær uppákomur og sú þjónusta sem ferðamenn vilja ekki fara á mis við.

Önnur leið til að koma upplýsingum um sögu og sagnir til skila er að gefa út söguspólur sem ferðamenn geta brúkað í bíltækjum sínum. Markmið þeirra væri það sama og leiðsögubæklingsins en þær geta þó ekki komið í hans stað. Best færi á því að bjóða upp á tvær slíkar, önnur taki á svæðinu sunnan við botn Steingrímsfjarðar en hin frá Hólmavík til vegarenda í Árneshreppi. Efnið ætti að vera nokkuð létt, söngur og sagnir, leikþættir og gamansögur. Þess þarf að gæta að á spólunum sé aðeins efni og upplýsingar sem úreldast ekki. Fjórir aðilar mættu gjarnan koma að skipulagningu þessa verkefnis, einn tæknifróður, einn sögufróður, einn með skýrar hugmyndir um hvað gengur í venjulegt fólk og að lokum fulltrúi áhugaleikara á Ströndum.

Það er einnig mikilvægt að ferðamenn hafi greiðan aðgang að þeim bókum og því efni um sýsluna sem gefið hefur verið út. Verslanir gætu gert sitt í þeim málum með því að eiga ávallt nokkur eintök og bjóða ferðamönnum til kaups. Vel færi á að slíkt væri staðsett í rekka með úrvali af besta handverki sýslubúa. Þá þurfa hópar ferðamanna einnig að eiga kost á lifandi leiðsögn, með öðrum orðum að geta pantað leiðsögumann með löngum eða skömmum fyrirvara og fengið leiðsögn á gönguferð um þorpin og sögufræga staði eða fræðslu í rútuferð um héraðið. Nánar er fjallað um leiðsögumál í kaflanum *Skipulagðar ferðir um Strandir.*

Sýningar og safnamál

Oftast vekja söfn og sýningar mjög mikla athygli ferðamanna og margir leggja lykkju á leið sína eða lengja dvölina til að berja slík fyrirbæri augum. Því er þörf á að Strandamenn setjist niður, hugsi sitt ráð og marki stefnu til framtíðar í þessum málum. Í þessum kafla er sett fram tillaga um grunn til að byggja stefnumótunina á. Til hennar þurfa menn að taka afstöðu og ræða hvort aðrir möguleikar liggja betur við. Auk þess er fjallað um uppsetningu sýninga og möguleika á því sviði í kaflanum.

Sýningahald og stefnumótun í safnamálum

Í huga flestra er byggðasagan tengd byggðasöfnum órofa böndum og Strandamenn standa að byggðasafni á Reykjum í Hrútafirði með Húnvetningum. Ekki eru allir á Ströndum jafn ánægðir með þá stöðu mála og ferðaþjónustuaðilum þar er vel ljóst að vegna staðsetningarinnar við hringveginn er safnið ekki líklegt til styrkja ferðaþjónustu í sýslunni. Áhugamenn um minjavörslu og ferðaþjónustufólk hafa því jafnvel rætt um að það þurfi að koma á fót sérstöku byggðasafni í héraðinu. Hér er hins vegar lagt til að Strandamenn forðist eins og heitan eldinn að setja upp sérstakt minjasafn í sýslunni.[11]

Ástæðurnar fyrir þessari skoðun eru nokkrar en kannski fyrst og fremst sú að vönduð minjasöfn eru óhemju dýr í uppsetningu og rekstri. Oftast hefur mikill kostnaður það í för með sér að hlutirnir eru ekki gerðir almennilega. Undir söfn þarf stórt húsnæði með þeim kostnaði sem því fylgir, þar þurfa að vera sýningarsalir, geymslur og vinnuaðstaða. Söfnum fylgir ábyrgð á varðveislu og forvörslu minja, söfnun og skráningu, sýningahaldi og að auki þurfa þau að sinna fræðslu og rannsóknum ef vel á að vera. Á mörgum þessara sviða þurfa sérfræðingar að koma við sögu og nauðsynlegt er að hafa safnvörð í fullu starfi til að sinna þessum verkefnum, auk fólks sem hefur eftirlit með sýningum á opnunartíma.

Strandamenn hafa að mínu mati vænlegri kost í stöðunni sem er ekki eins frekur til fjárins og auk þess miklu betur til þess fallinn að laða að ferðamenn og skemmta þeim. Sá valkostur hefur enn sem komið er ekki verið ræddur innan sýslunnar og því er mikilvægt að ráðamenn taki afstöðu til hans.

---

[11] Byggðasafnið á Reykjum er vettvangur og verndari muna og minja um liðna tíð á Ströndum. Strandamenn eiga engan slíkan sérstakan vettvang fyrir handrit manna, gömul sendibréf, dagbækur, skjöl og ljósmyndir úr sýslunni og fyrir vikið er þeim miklu hættara við glötun. Uppsetning héraðsskjalasafns og ljósmyndasafns væru því mun þarfari verkefni til að varðveita menningarsöguna.

Hugmyndin er í stuttu máli sú að Strandamenn efli og styrki safnastarfið á Reykjum með ráðum og dáð. Auk þess einbeiti þeir sér að því að halda sýningar, jafnt á munum sem myndum. Þær þurfa að byggjast upp á söfnun innan sýslunnar, lánsmunum og -myndum og ef öryggiskröfum er fullnægt ætti að vera hægt að fá muni og minjar í tengslum við sýningarefnið hverju sinni lánaðar frá Byggðasafninu.[12] Samvinna á þessu sviði ætti að vera báðum aðilum til hagsbóta. Ávinningur Strandamanna er auðsær og um leið verða þeir jákvæðari í garð Byggðasafnsins og metnaður þeirra fyrir þess hönd eykst. Safnið eykur aftur hróður sinn með því að miðla sögunni á fjölbreyttan hátt með lifandi starfi. Slíkt er ein besta kynning sem það getur fengið. Rétt er að taka fram að þessar hugmyndir hafa verið bornar undir Þór Magnússon þjóðminjavörð sem tók vel í þær og hvatti Strandamenn til að leita til sín eftir stuðningi við samvinnuhugmyndir af þessu tagi.

Grunnhugmyndin um sýningahald á Ströndum er að á hverjum tíma séu í gangi margar litlar sýningar sem byggjast ýmist upp á myndum eða munum. Hver um sig hafi ákveðið þema í anda sögu sýslunnar og sé einskorðuð við það. Þemu geta verið mjög fjölbreytt og tekið nánast á öllum hliðum sögu og þjóðmenningar í sýslunni, jafnt fyrr á öldum sem á síðari tímum. Slíkar sýningar myndu hafa eftirsóknarverða sérstöðu í ferðaþjónustunni, enda er hægt að skoða byggðasafn í nær hverri sýslu landsins.

Til skamms tíma hafa sýningar í íslenskum safnaheimi einkennst af varanleika, svo vægt sé að orði komist. Söfnin hafa stillt út þeim munum sem merkilegastir þykja ásamt miðum sem eiga að fræða áhorfendur um viðkomandi grip. Þessi útstilling stendur síðan að mestu óhreyfð allan starfstíma safnanna. Hin síðari ár hafa ýmsar breytingar í uppsetningu sýninga verið að ryðja sér til rúms hér á landi og stefnan verið sú að stilla upp minni og hnitmiðaðri sýningum sem ganga aðeins í takmarkaðan tíma. Þetta fyrirkomulag hefur ýmsa kosti fram yfir það gamla og nægir að nefna betri aðsókn gesta. Því ætti að stefna að því að hver sýning standi að jafnaði í þrjú sumur. Slíkar sýningar eru vel til þess fallnar að laða að gesti því fólk gerir sér frekar ferð ef sýningin stendur einungis í stuttan tíma en slær ferðinni á frest ef hún varir að eilífu. Ef þess er gætt að teikna upp allar sýningar sem settar eru á laggirnar og skrá vandlega hvaðan munir eru fengnir er þó auðvelt að setja þær upp aftur annars staðar í sýslunni ef þeir sem sækjast eftir að fá þær eru tilbúnir að taka á þeim ábyrgð. Myndasýningar virðist óþarfi að taka niður.

Hugmyndin er að sýningarnar hafi ekki endilega fastan samastað heldur sé auðvelt að flytja þær á milli staða innan sýslunnar, þó sum þemu eigi að sjálfsögðu aðeins heima á einum stað. Leitast þarf við að sýningar af ýmsum

[12] Auk þeirra muna sem eru á sýningunni á safninu á Reykjum, er allmikið af minjum í geymslum.

stærðum og gerðum verði sem víðast í sýslunni og eftir því sem kostur er ætti að færa sýningarnar til ferðamannanna frekar en að láta þá koma til þeirra. Þess verður þó að gæta að sýningargripum sé ekki teflt í tvísýnu vegna húsnæðis eða af sólarljósi, raka og þess háttar. Byggt verði á þeim grunni sem er fyrir hendi í sýslunni og leitast við að hressa með litlum sýningum upp á þá staði sem bjóða ferðamönnum upp á gistingu, samkomustaði, verslunarhúsnæði og matsölur. Með því móti þurfa sýningarnar ekki sérstakan fastan starfskraft.[13]

Auk þess er hugmyndin að í sýslunni verði að minnsta kosti þrjár miðstöðvar fyrir stærri sýningar. Það gefur auga leið að í Hrútafirði væri snjallt að gefa Riis-húsinu á Borðeyri tilgang með slíku sýningahaldi. Auk þess sem þar væru sýningar af ýmsu tagi, mætti hafa handverk til sölu, veita upplýsingar og bjóða upp á kaffi og heimabakstur í öðrum sal hússins. Hólmavík virðist heppilegasti staðurinn um miðbik sýslunnar, þar koma þeir sem fara um Steingrímsfjarðarheiði, auk þess sem kauptúnið er þjónustumiðstöð sýslunnar. Í Árneshreppi kemur jafnt til greina að hafa slíka sýningamiðstöð í Norðurfirði, félagsheimilinu í Árnesi eða Finnbogastaðaskóla.

Uppsetning sýninga

Uppsetning sýninga á aðeins að verða einn af mörgum þáttum í vinnu Strandamanna að ferðaþjónustumálum. Engu að síður er vel heppnuð sýning gífurlega sterk auglýsing. Því er nauðsynlegt að vandað sé til verka. Á stærri sýningum þarf að vera sérstakur leiðsögumaður, merkingar á nokkrum tungumálum og jafnvel hægt að nálgast frekari fróðleik í bæklingum og á myndböndum. Afdrep þarf að vera á sýningum, hægt að setjast niður með kaffibolla og spjalla saman. Aðgangseyrir verður að vera hóflegur og börn undanþegin.[14]

Uppsetning sýninga, skipulag þeirra og kynning verður að vera unnin á faglegum grunni. Það á alveg eins við um stóra vel auglýsta sýningu og tíu mynda þemasýningu á einhverjum matsölustaðnum. Huga þarf að öllum smáatriðum: Skýringatextum, bakgrunni muna, litum, lýsingu o.s.frv. Textavinnan er t.d. þáttur sem verður oft útundan en ef vel er til hennar vandað getur hún gefið sýningu margfalt gildi. Skemmtilegir, listrænir og fræðandi textar, sem eru hugsaðir og settir upp sem sýningargripir í sjálfu sér, skipta sköpum. Við uppsetningu myndasýninga þarf einnig að gæta þess sérstaklega að listrænt og sögulegt gildi sé í fyrirrúmi við val á myndum. Þeir sem eru ókunnugir

[13] Rétt er að vekja athygli á að þegar ég nota hugtakið sýning í þessu samhengi getur það þýtt sýningar af ýmsum stærðum, allt frá 10 vel völdum ljósmyndum, með fræðandi og skemmtilegum textum.

[14] Rétt er að taka fram að þó í þessum kafla sé einblínt á myndasýningar og minjasýningar sem miðla sögu sýslunnar til ferðamanna, má ekki gleyma því að listamenn héraðsins eiga auðvitað að fá stuðning og aðstöðu til að halda sýningar á verkum sínum.

myndefninu, staðháttum og fólki eiga að geta skemmt sér við að skoða myndirnar. Ekki dugir að ljósrita gamlar myndir eða kasta til höndum við texta-gerðina.

Til að fjölbreytnin á einstökum sýningum verði sem mest þarf að nýta eins margar gerðir minja og völ er á. Til að skapa heildarmynd þarf að nota jöfnum höndum muni, ritheimildir, hljóðritanir, kvikmyndir og ljósmyndir. Sjálfsagt er að hressa upp á sýningar þar sem myndir skipa öndvegið með vel völdum sýningargripum og eins að nota myndir til að fjörga minjasýningar. Ef dug-miklir safnarar meðal heimamanna eiga skemmtileg einkasöfn sem tengjast daglegu lífi sýslubúa er sjálfsagt að nýta þau til sýninga og ef þeir kjósa heldur má bjóða þeim aðstoð og aðstöðu til að setja sjálfir upp sýningar. Þá hafa sýningar á fjölbreyttum einkasöfnum safnara sem safna einstökum hlutum víða vakið mikla athygli og eins mætti setja upp sýningar á vinnu skólabarna við þemaverkefni sem tengjast sögu sýslunnar.

Mynd 7: Möguleikar á minja- og munasýningum

Minjasýningar sem tengjast sögu sýslunnar

⌘ Hákarlaveiðar frá Gjögri eru eitt sérkennið á sögu sýslunnar, enda er staðurinn vafalaust þekktasta hákarlaverstöðin á landinu. Sýning um *Hákarlaveiðar og verkun* væri því afar fróðleg og skemmtileg. Manntjón á þessum veiðum var gífur-legt og því væri vel til fundið að afhjúpa minnisvarða um sjómenn sýslunnar sem látið hafa lífið við að færa björg í bú í tengslum við slíka sýningu. Einnig er auðvelt að halda kvöldvöku um efnið, eins og flest önnur sem hér eru nefnd.

⌘ Borðeyri á sér merka sögu á 19. öld, en þá var þar umsvifamikil verslun sem var sótt víða að og glæsileg verslunarhús. Hótelrekstur var í Vertshúsi og þar voru sam-komur um helgar. Þá var Borðeyri umtalsverð útflutningshöfn og þaðan lögðu vesturfarar í haf. *Saga Borðeyrar* er þannig vel þess virði að henni séu gerð skil í sýningu, einkum þó verslunarsagan. Minna má á að í desember á þessu ári eru 150 ár síðan þorpið var löggiltur verslunarstaður.

⌘ *Síldarævintýrið í Djúpavík* er efni í bráðskemmtilega sýningu. Drögin að slíku hafa raunar verið lögð af hótelhöldurum í Djúpavík, þeir hafa lagfært og bjóða upp á skoðunarferðir um verksmiðjuna, þar hafa verið uppákomur í anda síldaráranna og hótelið sjálft og gamlir munir þar inni eru afbragðs vitnisburður um liðna tíð. Því ætti að vera auðvelt að setja þar upp áhugaverða sýningu, til að auglýsa svæðið.

⌘ *Sjósókn á Ströndum* getur einnig í heild sinni verið efni í áhugaverða sýningu. Hún gæti verið staðsett hvar sem er í sýslunni og þar væri hægt að gefa yfirlit um þennan þátt atvinnusögunnar.

⌘ *Nýting rekaviðar á Ströndum* er raunar efni í sjálfstæða sýningu. Þar myndi vera farið yfir nýtinguna í gegnum aldirnar og sýndir skrautmunir, útskurður og nytjahlutir. Slík sýning gæti verið mjög skemmtileg og á einkar vel við á Ströndum. Sala á fallegu handverki úr viðnum hentar vel með sýningu sem þessari.

⌘ Það er auðvelt að setja upp sýningu um horfin vinnubrögð og verkfæri. *Þjóðhættir í bændasamfélaginu (Rokkar & strokkar)* er sígild sýning og raunar er slík sýning uppi á flestum byggðasöfnum landsins. Eins væri hægt að taka fyrir einstaka þætti þjóðháttanna, t.d. *Heyskap á Ströndum, Matarmenningu* eða *Hlunnindi og nýtingu þeirra*. Síðast talda efnið felur í sér að tekið yrði á hlunnindum á Ströndum frá því að þau eru hirt þar til úrvinnslu þeirra er lokið. Þetta myndi jafnt eiga við fjallagrös, æðardún, fuglatekju og egg, selveiðar, hvalreka, rekavið o.fl.

⌘ *Þjóðsagnaheimur Strandasýslu* er einnig skemmtileg sýning sem auðvelt væri að selja gripi tengda efninu á, steintröll af Ströndum og því um líkt. Slík sýning myndi samanstanda að mestu af texta, teikningum, myndlist og ljósmyndum. Kvöldvaka með sama þema er bráðnauðsynleg með slíkri sýningu.

⌘ Þá er hægt að setja upp skemmtilega sýningu í Trékyllisvík, *Galdrar og galdramenn á Ströndum*. Sýningargripir væru galdrastafir og skýringar á þeim, textar og sagnir, áhöld galdramanna og töfragripir, myndir af galdraskræðum o.fl. Hægt er að halda kvöldvökur um sama efni og gera sérstakt kort um söguslóðir galdrafársins.

Gera verður ráð fyrir talsverðri vinnu við söfnun muna fyrir hverja sýningu, en þeir geta hvort heldur sem er verið fengnir frá safninu á Reykjum og að láni eða gefins heima í héraði. Þeir munir sem fengjust gefins myndu að öðru jöfnu ganga til safnsins á Reykjum. Sumar sýningar útheimta ennfremur að sýningargripir séu búnir til fyrir þær að undangenginni nákvæmri rannsóknarvinnu, eins og t.d. sagnasýningin um galdra.

Fyrir ljósmyndasýningar þarf einnig að safna saman myndum fyrir hverja sýningu. Þörfin á að færa myndir sem á að stækka yfir á filmur opnar möguleika á að fá myndir úr einkaeign lánaðar skamma stund til eftirtöku. Annar kostur og öllu betri er þó að koma upp safni af gömlum mannlífs- og þjóðháttamyndum úr Strandasýslu. Myndir eru ekki nema einn mannsaldur að missa stærsta hluta af gildi sínu, fólkið á þeim þekkist ekki lengur, tilefni myndatökunnar gleymist og sögurnar á bak við hverja mynd tapast. Þessi atriði gefa ljósmyndum líf og við þessu þarf að bregðast. Ekki er mikill kostnaður fólgin í að fá fagmann til að skipuleggja og stjórna söfnunarvinnu og skráningu upplýsinga um myndir. Félagasamtök geta síðan tekið að sér skráningu á söfnum velviljaðra einstaklinga á sínu svæði og fengið myndir gefins eða lánaðar til

eftirtöku.[15] Auðséð er að hvílíku gagni slíkt safn myndi koma fyrir alla undirbúningsvinnu við sýningar og alla útgáfustarfsemi sem tengist sögu sýslunnar.

Eins og með sýningar þar sem munir og minjar skipa öndvegið eru möguleikarnir á að setja upp myndasýningar afar fjölbreyttir og raunar óendanlegir. Góðar myndasýningar eru eitthvað sem ferðamönnum þykir áhugavert og þeir staldra við. Ljósmyndasýningar eru því góð leið til að miðla sögunni og flestir hafa gaman af því að skoða gamlar myndir sem sýna þjóðhætti og mannlíf.

Mynd 8: Möguleikar á myndasýningum

Nokkur dæmi um þemu á myndasýningum

⌘ Vörubílstjórar, vinnuvélaeigendur og verktakar eru býsna fjölmennur hópur á Ströndum og vegagerð skiptir miklu máli í atvinnulífinu. Það er því vel við hæfi að setja upp eina eða tvær ljósmyndasýningar með þemunum *Vegir og vegagerð á Ströndum* og *Upphaf bílaaldar*.

⌘ *Síldarævintýrið í Djúpavík og Ingólfsfirði* er gott efni í ljósmyndasýningu, enda átti uppgangurinn og hrunið hvort tveggja sinn tíma eftir að myndavélar urðu algengar á Ströndum. Á Ljósmyndasafni Reykjavíkur er safn mynda sem félag Árneshreppsbúa gaf þangað. Sjálfsagt er að nota það safn til grundvallar við sýninguna, enda er það einkum gott úr Ingólfsfirði og Djúpavík. Skráning myndanna ætti að vera í lagi þar og auðvelt að nálgast eftirtökur.

⌘ Eins er auðvelt að setja upp sýningar um *Sögu og þróun Hólmavíkur, Drangsness, Borðeyrar*. Slíkar sýningar eru oft mjög skemmtilegar fyrir heimamenn sem gesti.

⌘ Safn Sigurjóns Jónssonar barnakennara og ljósmyndara frá Kollsá er sennilega elsta ljósmyndasafnið úr sýslunni. Safnið er varðveitt á plötum á Þjóðminjasafni og í því eru nokkrar góðar myndir. Setja ætti upp sýningu á völdum myndum enda eru margar þeirra stórmerkar sögulegar heimildir, t.d. um uppbyggingu Borðeyrar. Sýningin gæti haft þemað: *Hrútafjörður í upphafi aldarinnar*.

⌘ *Sveitabæir á Ströndum* er einnig skemmtilegt þema. Auðvelt er að taka einstaka hreppa og byggðasögu þeirra fyrir á ljósmyndasýningu. Myndir Tryggva Samúelssonar sem varðveittar eru á Þjóðminjasafni eru vel til þess fallnar að nota í slíkar sýningar og raunar sennilega einnig í fjölmörg önnur þemu.

⌘ Fjölmörg skemmtileg þemu er hægt að setja upp á ljósmyndasýningar tengdar efninu *Mannlíf á Ströndum*. T.d. um slík má nefna *Skemmtana- og félagslíf Strandamanna* eða *Íþróttalíf á Ströndum*.

[15] Myndasöfnun er sjálfsagður þáttur í varðveislu menningararfs sýslunnar. Án þess að ætla að þvinga einhvern í sjálfboðavinnu, dettur mér í hug að kvenfélögin í sýslunni séu besti aðili sem hugsanlega væri hægt að fá í slíkt verkefni. Tekið skal fram að hugmyndin hefur ekki verið rædd við heimamenn.

⌘ Þemu tengd atvinnusögu sýslunnar eru einnig mjög áhugaverð. Varla skortir myndefni fyrir sýningar eins og *Veiðar á sjó og landi*, *Landbúnaður fyrr og nú* eða *Þjóðhættir gamla bændasamfélagsins*. Eins er hægt að setja upp sýningar um aðrar atvinnugreinar og iðnað Strandamanna.

⌘ *Sambúð manns og náttúruafla á Ströndum* er mjög verðugt efni á myndasýningar og í anda ímyndar sýslunnar. Afmörkuð þemu í sama dúr geta einnig verið bráðskemmtileg, *Vetrarríki á Ströndum*, *Baráttan við hafið*, *Í skjóli fjallanna* o.fl.

Að sjálfsögðu er einnig hægt að setja upp myndasýningar um náttúru og mannlíf á einstökum stöðum innan sýslunnar. Þær geta hvort heldur sem er verið byggðar upp með gömlum myndum með sögulegt gildi eða nýjum þar sem listræna gildið er í fyrirrúmi. Síðastliðið sumar var t.d. góð myndasýning í Djúpavík þar sem sýndar voru myndir ljósmyndara sem sótti myndefni í umhverfi staðarins og sveitina í kring.

Áætlanir um sýningahald

Í upphafi þessa kafla er sagt að sýningar skipti miklu máli fyrir Strandamenn í viðleitni þeirra að auka þangað straum ferðamanna og lengja viðkomu þeirra. Mjög stór hluti ferðamanna kemur við á sýningum, sennilega eru sundlaugar eini möguleikinn á afþreyingu sem er meira nýttur. Um leið er uppsetning sýninga kostnaðarsamasti hlutinn í þessari viðleitni Strandamanna. Þess þarf að gæta að vanmeta ekki þá vinnu, bæði við rannsóknir og uppsetningu, sem liggur að baki vel heppnaðri sýningu. Þá er ljóst að umtalsverður kostnaður fylgir því að útbúa kynningarefni.

Stórum hugmyndum fylgir þörf á nákvæmri áætlanagerð og skipulagningu sem síðan þarf að fylgja vandlega eftir. Með því móti er kostnaður einstakra aðila og verksvið þeirra skýrt skilgreint og menn velkjast ekki í vafa um hver eigi að sjá um hvað (nánar er rætt um þessi mál í lokakaflanum, *Um samvinnu og stefnumótun*). Hugmyndin um sýningahaldið er þó miðuð við að málin séu á sífelldri hreyfingu og áætlanir séu opnar fyrir nýjum og betri hugmyndum og útfærslum. Einstakar sýningar eiga ekki að vera uppi mörg ár á hverjum stað og stanslaus hugmyndavinna þarf að vera í gangi. Auðvitað reynir hér verulega á áhuga og dug þeirra sem sjá um sýningamál í sýslunni.

Í skemanu hér á eftir er sett fram hugmynd að áætlun í sýningarmálum. Fyrst og fremst ber að líta á hana sem tillögu, ekki vinnuplagg. Þörf er á að heimamenn leggist sjálfir yfir áætlanagerð um þessi efni. Eins er auðvelt að hægja ferðina og dreifa fyrstu skrefunum á fimm ár, ef menn svitna mjög yfir þeim

framkvæmdahraða sem lagður er til og kostnaðinum sem honum fylgir. Þá er hægt að setja upp eina sýningu á ári.

Mynd 9: Markvissar áætlanir um sýningar

Hugmynd að þriggja ára áætlun í sýningamálum

1. ár (1996)	Sett upp mynda- og munasýning um sögu Borðeyrar og verslun á Ströndum í tilefni 150 ára verslunarréttinda á Borðeyri. Eins er hægt að opna slíka sýningu á næsta ári. Safna þarf gömlum myndum og semja við ljósmyndara vegna farandsýningar eða koma á samkeppni í sama skyni.
2. ár (1997)	Opnuð sagnasýning um galdra og galdramenn á Ströndum. Eins mætti huga að sýningu á munum úr rekaviði og um nýtingu hans. Nokkurra ára þemaverkefni ýtt úr vör: Mannlíf og náttúra á Ströndum. Farandsýning sett upp og gerð áætlun um litlar myndasýningar, þemu þeirra og staðsetningu.
3. ár (1998)	Settar upp tvær sýningar. Önnur um hákarlaveiðar á Ströndum og hin um þjóðsagnaheim Strandamanna. Ein til tvær stærri myndasýningar settar upp, t.d. um síldarævintýrið í Djúpavík og um Hrútafjörð í upphafi aldarinnar. Nokkrar minniháttar ljósmyndasýningar settar upp víðs vegar um sýsluna.

Ekki má gleyma því að góð kynning er mikilvæg hverri sýningu og vandlega þarf að huga að þeim málum. Heimamenn verða að vera stöðugt vakandi yfir að kynna sýningar. Það ætti að vera auðvelt ef stöðugt eru nýir hlutir í gangi eins og hér er lagt til. Þetta er hægt að gera á margvíslegan hátt, t.d. með því að útbúa kynningarbækling eða plakat og herja á fjölmiðlana. Ritfærir heimamenn þurfa að skrifa í lands- og héraðsblöð þannig að reglulega birtist greinar um efni sýninganna eða beinlínis um þær sjálfar. Til þess þarf að nýta öll möguleg tilefni og ástæður. Sömuleiðis þarf að fá viðtal og umfjöllun í svæðisútvarpi, dægurmálaútvarpi Rásar 2 og jafnvel hjá einkastöðvunum. Loks þurfa fróðleiksmenn að flytja erindi á Rás 1 í tengslum við opnun sýninga. Ef menn vilja vera virkilega stórtækir má hugsa sér að gefa út litla en eigulega kilju um efni hverrar meiri háttar sýningar til að hafa til sölu þar og víðar. Þá er hægt að gefa út póstkort og selja í tengslum við sýningar.

Eins er bráðnauðsynlegt að merkja sýningar kirfilega. Setja þarf upp stór og athyglisfangandi skilti beggja vegna sýningarstaða, í samráði við Vegagerðina. Sýningum þurfa einnig að fylgja hátíðahöld eða kvöldvökur með sama þema og

vel mætti hugsa sér að opnun sýninga færi að einhverju leyti saman við uppákomur sem myndi þá auka gildi beggja. Eins væri hægt að bjóða upp á gönguferðir um söguslóðir sýninganna, þar sem skoðaðir væru stærri sýningargripir sem tengjast efni þeirra, gerðir af manna eða náttúrunnar höndum. Þetta á jafnt við um hús sem sögufræga staði, báta, naust og náttúrufyrirbæri.

Hátíðir, uppákomur og skemmtanir

Mannfagnaðir og menningarlíf er hverri sveit mikilvægt og hátíðahöld eru vel til þess fallin að gera sumarleyfi ferðalangsins að ógeymanlegri skemmtun. Þessi aðferð býður upp á óteljandi möguleika til að útfæra sögu, sagnir og sérstöðu sýslunnar. Menningarstarf á Ströndum hefur á tíðum verið mjög öflugt og það gerir eftirleikinn auðveldari. Auðvitað eru ferðamenn fáir í héraðinu enn sem komið er. Margar uppákomur yrðu því fátækar af ferðamönnum til að byrja með, en heimamenn ættu þó að mæta ef vel er til vandað.

Árvissar hátíðir og uppákomur

Margbreytilegt skemmtanahald getur komið að gagni í ferðaþjónustunni. Hægt er að halda stórar menningarhátíðir með þéttskipaðri dagskrá eða kvöldvökur, helga ákveðna daga sérstöku efni, halda upp á afmæli með glæsibrag og gera ýmis minniháttar mannamót aðgengileg ferðamönnum. Sú leið sem nýtist best til lengri tíma litið er að halda litlar eða stórar hátíðir árlega þannig að ferðamenn geti gengið að þeim vísum og mætt á svæðið vegna góðrar afspurnar. Árvissar hátíðir vinna á með tímanum, ef þess er gætt að þær hvorki staðni né að grunnhugmyndin breytist.

Í héruðum í grennd eru víða haldnar menningarvökur á vetrum og sumarhátíðir með dögum helguðum útivist og ferðaþjónustu. Slíkar uppákomur eru nauðsynlegar í hverri sveit. Strandamenn þurfa því að taka sig á og fyrsta skrefið ætti að vera að koma á laggirnar nokkuð stórri sumarhátíð með allþéttri dagskrá í anda ímyndar sýslunnar. Í rauninni er auðvelt að setja saman slíka hátíð að stofni til úr þeim dagskrárliðum sem hvort sem er stendur til að bjóða upp á um sumarið. Menningarhátíð að vetrinum sem byggist upp á menningarviðburðum, vetrarsporti og fjallaferðum kemur einnig til álita. Slík hátíð kæmi þó fyrst í stað varla til með að draga að jafn marga ferðamenn og sumarhátíð, en vissulega myndi hún létta lund heimamanna í skammdeginu.

Minni hátíðahöld, sem þó yrðu árviss, koma einnig vel til greina. Möguleikarnir eru ótæmandi. Þorpin á Ströndum, Hólmavík og Drangsnes, eiga t.d. afkomu sína að miklu leyti undir fiskveiðum og vinnslu, einkum Drangsnes. Því er vel við hæfi að gera tilraun til að halda þar bryggjuhátíð, einn dag eða helgi á sumri. Hugsanlega geta áhugafélög þar tekið að sér skipulagningu og framkvæmdir, þó það hljóti að vera sveitarfélagsins að koma málinu á rekspöl og meta hvert umfangið ætti að vera. Hátíð sem þessi ætti tvímælalaust að vera

sniðin að þörfum fjölskyldunnar og með rólegu yfirbragði, boðið upp á bátsferðir út í Grímsey, haldin dorg- eða marhnútaveiðikeppni, grillaðar og eldsteiktar ýmsar sjávarafurðir og fleira í þeim dúr.

Þá hafa Jónsmessuhátíðir verið vinsælar víða. Á Ströndum, þar sem tækifæri til að sjá og mynda miðnætursólina gefst um þetta leyti sumars, er auðvelt að skipuleggja árlega Jónsmessuhátíð. Hún gæti byggst upp á leikþætti, tónlist og söng, varðeldi og grillmat. Sólardansleikur eða grímuball að evrópskum Jónsmessusið gæti eins komið til greina. Gönguferð eða útreiðartúr í miðnætursólinni getur skipt sköpum fyrir hátíðina og fræðsla um þjóðtrú tengda Jónsmessunni er nauðsynleg. Þá þyrftu menn að geta týnt óskasteina og velt sér í dögginni.

Enn auðveldara er að byggja á þeim grunni sem þegar hefur verið lagður af heimamönnum. Þar má t.d. nefna að í kringum réttardaginn í Bjarnarfirði hefur stemmning gamalla tíma verið endurvakin. Síðasta haust var líf í tuskunum, sölubásar og boðið upp á kaffi. Ef þetta verður árviss atburður og dagskráin kynnt vel og jafnvel aukin mega Bjarnfirðingar búast við að ferðafólk komi gagngert til að taka þátt í slíkri skemmtun. Auðvitað fara svo allir á réttarball um kvöldið. Ef einhverjir vilja spreyta sig í smalamennsku þarf að vera hægt að koma því í kring án þess að tröllin taki þá, þeir týnist eða tapi áttum.

Eins má gera hátíðahöld í Djúpavík að árvissum atburði en þar hafa tvö ár í röð verið haldnar helgarskemmtanir. Leiklistin hefur blómstrað og skemmtunin byggst á söng og varðeldi, handverksmarkaði, siglingum og söguferðum. Þessi Djúpavíkurævintýri hafa tekist afburða vel og afspurnin af þeim er góð. Ætla má að ef haldið verður áfram á þessum grunni aukist aðsóknin jafnt og þétt.

Tilfallandi hátíðahöld og skemmtanir

En ekki þurfa allar skemmtanir á Ströndum að vera árvissar og helst þarf að nýta öll tilfallandi tækifæri til gera sér glaðan dag. Þar kemur margt til greina og það eina sem takmarkar möguleikana er hugmyndaauðgi og framkvæmdagleði sveitarstjórna, félagasamtaka og einstaklinga. Dagar með ákveðin þemu eru tilvaldir til að hressa upp á hversdagslífið, útivistardagur, veiðidagur eða fjölskyldudagur. Fjölbreyttar uppákomur geta blandast gönguferðum, veiðikeppnum, kvöldvökum og grillveislum. Bændasamtökin hafa skipulagt sérstakan dag þar sem fólki er gefinn kostur á að skoða bóndabæi og komast í tengsl við dýralíf og náttúru. Slíkt getur ferðamönnum þótt áhugavert og uppbygging í þessum anda hefur orðið á nokkrum bæjum sem starfa innan Ferðaþjónustu bænda. Vel þarf að vanda til slíkrar þjónustu.

Fjölmörg tilefni eru þess eðlis að það er sjálfgert að halda upp á þau. Sjálfsagt er að gera það vel og tengja það ferðaþjónustunni ef á annað borð er farið af stað. Slíkt getur skipt miklu máli fyrir athafnalíf, verslun og viðskipti eins og afmælishátíð Hólmavíkur sem tókst afbragðs vel sannar. Hrútfirðingar ættu þannig tvímælalaust að halda upp á 150 ára afmæli verslunarréttinda Borðeyrar sem er í desember á þessu ári. Hvort heldur sem er gæti það verið í sumar eða á næsta ári. Annað stórafmæli sem rétt er að minna á er 100 ára afmæli Kaupfélags Steingrímsfjarðar sem er framundan. Rétt er að minna á að stærð og umfang hátíðahalda getur verið með ýmsu móti.

Félagasamtök víða um landið hafa tekið sig til og staðið fyrir uppákomum og mannfögnuðum, stórum sem smáum. Leiklistar- og menningarhátíðir hafa verið víða, ferðalöngum hefur verið boðið upp á leiksýningar og útileikhús jafnvel verið starfrækt, heimildarmyndir um fyrri tíma sýndar ef þær eru til, markaðsdagar og götumarkaðir haldnir og einnig sölusýningar handverksfólks. Ætla má að útileiksvið í grennd við tjaldsvæði gætu nýst vel fyrir uppákomur.

Eins ættu Strandamenn tvímælalaust að setja saman kvöldvökur með ákveðnum þemum úr sögu sýslunnar til að halda reglulega fyrir ferðamenn og heimamenn á sumrin. Til skemmtunar á slíkum kvöldvökum þarf að vanda og hæfileikamenn þurfa að skrifa að þeim handrit. Sönghópar, leikflokkar, upplesarar og fyrirlesarar þurfa að skemmta, en skipulagið og framkvæmdina geta áhugafélög sem best tekið að sér.[16] Til að byrja með væri hægt að halda 4-5 kvöldvökur næstkomandi sumar, aðra hverja helgi á aðalferðamannatímanum. Til þess að það sé hægt verður sem fyrst að velja efni og fara að vinna að handritum fyrir þau. Best væri að halda kvöldvökurnar sem víðast um sýsluna og þá í tengslum við matsölur eða kaffihús. Allavega þarf nægilegt kaffi að vera á boðstólum og jafnvel aðrar veitingar. Þess verður að gæta að ekki kosti svo mikið inn að það sé óviðráðanlegt fyrir venjulegt fjölskyldufólk. Það gildir hér, eins og í öðru, að möguleikarnir á viðfangsefnum á kvöldvökum eru óendanlegir. Flest þau efni sem nefnd voru í kaflanum um sýningar er þannig auðvelt að útfæra í kvöldvöku.

[16] Kvöldvökur er bæði hægt að halda úti og inni og þær þurfa alls ekkert að vera á kvöldin. Síðastliðið sumar voru reglulega haldnar kvöldvökur á Ísafirði sem báru heitið *Sumarkvöld í Neðstakaupstað*. Dagskráin byggðist upp á fyrirlestrum og tónlist sem tengdist viðfangsefninu. Að sögn gengu kvöldvökurnar mjög vel. Þau þemu sem tekin voru fyrir voru: Baráttan við náttúruna á Vestfjörðum; Álfar, tröll og aðrar vættir; Menning og mannlíf á Hornströndum; Galdrar á Vestfjörðum; Ísafjörður sem verslunar- og menningarbær; Saga fiskveiða, hvalstöðva og síldarstöðva á Vestfjörðum; Konur í sögu Vestfjarða.

Mynd 10: Kvöldvökur um sögu sýslunnar

Dæmi um viðfangsefni á kvöldvökum

⌘ Menningarlíf Strandamanna er í sjálfu sér auðvelt að nota sem þema á kvöldvökum, í heild sinni eða afmarkaða þætti þess. Efnið *Bókmenntir og skáld Strandamanna* er t.d. áhugavert og sama gildir um sögulegt yfirlit um *Leiklist á Ströndum.*

⌘ Eins er hægt að halda kvöldvöku um þemað *Merkir Strandamenn.* Auðveldast væri sennilega að einbeita sér að einum í einu, t.d. Jóni Guðmundssyni lærða.

⌘ Daglegt líf manna á Ströndum fyrr á tímum hlýtur einnig að teljast áhugavert efni. Fjöldinn af prentuðum ævisögum og þjóðlífsþáttum eftir Strandamenn frá síðustu öld og aldamótum gefur einnig tilefni til slíkrar kvöldvöku. Þá hafa varðveist dagbækur manna frá þessum tíma sem eru ómetanlegar heimildir um daglegt líf fólks. *Daglegt líf á Ströndum um 1900* eða *19. aldar samfélagið* eru hvort tveggja áhugaverð efni. Sama gildir raunar um efnið *Lífið í Árneshreppi fyrr á tímum* þar sem leitast væri við að sýna hvernig íbúar þar komust af.

⌘ *Atvinnulíf og búskapur á Ströndum fyrr og nú* gefur tilefni til margra góðra viðfangsefna á kvöldvökum. Sennilega færi best á því að taka á afmörkuðum þáttum í atvinnu- og búskaparsögunni hverju sinni. Hægt er að nefna dæmi af handahófi sem tengjast þessu efni: *Hákarlaveiðar á Ströndum, Verslunarsaga sýslunnar, Hafís og ísbirnir á Ströndum, Baráttan við hafið* og *Að sækja björg í bú.*

⌘ Byggðasagan kemur einnig vel til greina sem efni á kvöldvöku. *Byggðir og bú í Strandasýslu* eða sá hreppur eða staður sem kvöldvakan er á hverju sinni.

⌘ Söguleg sérstaða sýslunnar og þjóðsagnaheimurinn bjóða líka upp á nokkur efni. Hægt er að taka *Söguslóðir Íslendingasagna* fyrir á kvöldvöku og sama gildir um *Galdramál og galdramenn á Ströndum. Þjóðsögur og sagnir, vættir og draugar* eiga einnig sérlega vel heima á kvöldvöku, enda hafa Strandamenn og kannski einkum Árneshreppsbúar af einhverjum ástæðum haft það orð á sér að vera trúaðri á slíkt en annað fólk. Það fellur vel að ímynd sýslunnar og einnig þeirri hugmynd, sem stundum heyrist fleygt, að tíminn líði óvenjulega hægt á Ströndum.

Ef vel gengur að koma kvöldvökunum á koppinn má hugsa sér að þær sem þegar hafa verið haldnar verði endurnýttar eftir því sem kostur er. Sama þema má nota aftur að ári, e.t.v. á öðrum stað innan sýslunnar. Eins kostar ekkert að setja saman sérstakan pöntunarseðil sem hópar sem leið eiga um sýsluna geta valið sér kvöldvöku af fyrir sanngjarnt fast verð. Engu væri hætt þó engin

kæmi beiðnin. Slíka þjónustu þyrfti auðvitað að panta með nokkrum fyrirvara svo undirbúningur væri nægur.[17]

Það getur skipt miklu máli fyrir afspurnina að Strandamenn leggi sig í líma við að taka á móti hópum. Allar hópferðir og mannamót innan sýslunnar eru ávinningur þjónustuaðila og verslunarfólks. Ef hópum er veitt einhver þjónusta sem kemur þeim skemmtilega á óvart er líklegt að þeir og fararstjórar haldi ánægðir brott sem eykur mjög líkur á að fleiri slíkir komi að ári. Eins þarf að leggja kapp á að á Ströndum verði haldnar ráðstefnur og fundir, ættarmót og íþróttakeppnir. Aðilar í ferðaþjónustu mega ekki líta á slíkar samkomur sem tækifæri til skjótfengins gróða, heldur horfa til framtíðar og tryggja með markvissum ráðum að afspurnin af ferðinni á Strandir verði góð.

Mótshaldara slíkra mannfagnaða þarf að laða til svæðisins, t.d. með því að veita þeim ýmsa þjónustu á sérstökum kostakjörum eða bjóðast til að skipuleggja og sjá um ákveðna þætti í mótshaldinu gegn sanngjarnri greiðslu. Sérstakur afsláttur af leigu á húsnæði undir ættarmót kemur vel til greina.

Skipulagning og framkvæmdir

Mannfagnaðir og menningarlíf þarfnast ekkert síður en annað starf raunhæfra áætlana um framkvæmdir og stefnumörkun. Í skemanu hér á eftir er sett fram tillaga um fyrstu skrefin, þó hún sé aðeins sett fram sem dæmi sem þarfnast náinnar skoðunar. Vonandi verða fyrstu skrefin aðeins upphafið á því að öflugt menningarlíf verði markvisst nýtt til að gera vel við ferðamenn, öllum sýslubúum til hagsbóta.

Í raun og veru er ekkert því til fyrirstöðu að hefjast handa með þennan þátt afþreyingar fyrir ferðamenn þegar í stað. Einungis þarf til dug og vilja, áhuga og framkvæmdagleði menningarfélaga í sýslunni. Áhugafélögin verða að koma að þessu verkefni ef það á að takast, en til undirbúningsvinnunnar og hugsanlegra fjárútláta þurfa þau stuðning frá sveitarstjórnum eða Héraðsnefnd (sjá kaflann *Um samvinnu og stefnumótun*).

Til dæmis er sjálfgefið að virkja Leikfélag Hólmavíkur enn betur en nú er gert í ferðaþjónustunni. Uppsetningin í Djúpavík og hringferð leikhópsins með Djúpavíkurævintýrið er gott dæmi um hvað hægt er að gera. Kynningin sem svæðið hefur fengið með þeirri farandleiksýningu er ómetanleg. Öflugt félag á borð við leikfélagið hefur alla burði til að taka að sér afmarkaða þætti, eins og t.d. skipulagningu og uppákomur á kvöldvökum í samráði við forráðamenn

[17] Sjálfsagt verður aldrei gífurleg eftirspurn eftir slíkri skemmtan en möguleikinn er áhugaverður. Auk þess væri e.t.v. hægt að grípa til notaðrar kvöldvöku á öðrum hátíðahöldum héraðsbúa þar sem mikið er um ferðamenn, eða til að skemmta hópum sem menn eru sammála um að gera vel við.

þeirra staða sem þær eru haldnar á. Sjálfsagt er fleiri komi að slíkri vinnu, jafnt önnur félagasamtök og einstaklingar.

Mynd 11: Áætlun um mannfagnaði og menningarlíf

Hátíðir og skemmtanir á næstu árum - dæmi

1. ár (1996)	Unnið að því að festa litlar árlegar hátíðir í sessi, réttarfjörið í Bjarnarfirði og Ævintýri í Djúpavík. Unnin hugmyndavinna fyrir Sumardaga á Ströndum og bryggjuhátíð á Drangsnesi. Afmæli og markaðsdagur á Borðeyri. Fjórar kvöldvökur, sín á hverjum staðnum.
2. ár (1997)	Sumardagar á Ströndum og bryggjuhátíð á Drangsnesi bætast við árlegar hátíðir haldnar. Sérstakir útivistardagar. Sex kvöldvökur um sagnir og sögu sýslunnar, sem víðast um sýsluna. Minni uppákomur af og til, unnið að skipulagningu við móttöku hópa.
3. ár (1998)	Haldin Jónsmessuhátíð á Ströndum ásamt öðrum árlegum hátíðum. Sex kvöldvökur að venju, útivistardagur og veiðidagur. Útileiksviði komið upp á Hólmavík og unnin hugmyndavinna um útileikhús. Minni uppákomur eftir því sem til fellur.

Skipulagðar ferðir um Strandir

Á Ströndum gefst ferðamönnum góður kostur á að njóta útivistar, náttúran er falleg og kyrrðin heillandi. Á síðustu árum hefur ýmiskonar útivera og heilsurækt höfðað mjög til fólks og ekki sér enn fyrir endann á þeirri þróun. Þetta er einsýnt fyrir Strandamenn að nýta sér, bæði við að höfða til fólks við kynningu á sýslunni og bjóða upp á skipulagðar ferðir um guðsgræna náttúruna.

Annars vegar þarf að gera ýmsar leiðir aðgengilegar fyrir ferðamenn og hins vegar að bjóða upp á skipulagðar ferðir með leiðsögn. Fjölmörg fyrirtæki sem sérhæfa sig í hópferðum hafa sprottið upp á síðari árum og tækifæri til að hasla sér völl á því sviði ættu að vera svipuð á Ströndum. Þeir sem ekki vilja ferðast með hóp verða þó að geta spilað á eigin spýtur. Slíkt er best tryggt með markvissri upplýsingaþjónustu um þá kosti sem þeim standa til boða.

Leiðsögn um héraðið

Skipulagðar ferðir bjóða upp á mikla möguleika til að skemmta þeim sem taka þátt. Leiðsögumenn eru nauðsynlegir, þeir veita upplýsingar um náttúruna, sögustaði og sagnir. Náttúran fær oft fyrst merkingu þegar slíkar upplýsingar eru veittar. Einstakar ferðaleiðir þarf því að taka út með þessi atriði í huga. Góð skipulagning, skemmtilegur og fróður leiðsögumaður, óvæntir útúrdúrar, uppákomur og góður matur gera ferðirnar að frábærri skemmtun og fyrir slíka þjónustu er fólk tilbúið að borga sanngjarnt verð.

Leiðsögumenn á heimaslóð eru raunar ekki aðeins mikilvægir í skipulögðum ferðum. Ferðamenn og hópar þurfa að eiga kost á að panta leiðsögn um héraðið eða hluta þess. Eins eiga þeir að geta fengið leiðsögn um kirkjur, sögufræga staði og komist í gönguferðir og söguferðir um þorpin og nágrenni þeirra. Þegar er raunar boðið upp á slíkar ferðir um nágrenni Djúpavíkur af hótelhöldurum þar. Líklegt er þó að margir komi sér varla að því að biðja um þesskonar þjónustu og ræsa út leiðsögumann. Því verða að auki að koma til reglulegar skipulagðar ferðir sem ferðamenn geta treyst á og miðað við.[18] Auk þess sem slík þjónusta er tilvalin til að skemmta ferðamönnum getur hún orðið til þess að heimamenn þekki sögu héraðsins og umhverfi sitt betur. Þar með ætti upplýsingaþjónustan jafnframt að taka framförum.

[18] Að sjálfsögðu miðast þetta við að kostnaður sé viðráðanlegur og markaður sé fyrir slíkar ferðir. Ef kostnaði er haldið í lágmarki ætti þó að vera hægt að byggja markaðinn upp á nokkrum árum. Til að byrja með þarf sennilega að stíla jafnt inn á heimamenn og hópa ferðamanna.

Það er vandaverk að veita fólki leiðsögn og ómögulegt að hver sem er gefi sig til slíks. Til þess þarf skipulagsgáfu, menntun og þjálfun. Þessi mál horfa raunar til betri vegar, síðastliðið sumar auglýsti lærður svæðisleiðsögumaður þjónustu sína á Ströndum. Það er þó spurning hvort hægt sé að ætla sama manninum að stjórna öllum gönguferðum og söguferðum, ásamt því að vera til taks fyrir einstaklinga sem vilja skoða nágrennið og hópa sem eiga leið um svæðið í rútum.

Á þessum málum þarf því að taka. Það er augljóst að skortur á menntun er sú hindrun sem stendur í vegi fyrir því að fleiri Strandamenn geti tekið að sér leiðsögn innan sýslunnar. Áhugi manna til að sækja nám í þeim fræðum út fyrir sýslumörkin virðist ekki hafa verið nægur og því hlýtur lausnin að vera sú að haldið verði námskeið heima í héraði sem útskrifar menn fullfæra um að sjá um skipulagningu á ferðum og leiðsögn innan fjórðungsins. Hvort sem þeir tala erlend tungumál eða eru aðeins talandi á íslensku. Slíkt námskeið yrði að hljóta opinbera viðurkenningu og vera haldið af hæfustu mönnum á sviði leiðsögumála í landinu. Gott væri að Ferðamálasamtök Vestfjarða tækju þátt í verkefninu. Þörf á sömu menntun hlýtur að vera fyrir hendi í öðrum sýslum fjórðungsins. Með því að nýta möguleika á fjarnámi ætti námskeið af þessu tagi að vera kleift, ásamt því sem kennsla og fyrirlestrar yrðu af og til í héraðinu.

Í kjölfarið á námskeiði má hugsa sér að svæðisleiðsögumenn í héraðinu skipti með sér verkum. Ódýr leiðsögn fyrir einstaklinga gæti verið tekjuleið fyrir frjáls félagasamtök, en aðrir skiptist á að sjá um og hanna gönguferðir jafnt sem ferðir á annan máta, auk þess sem einhverjir gefi kost á sér í rútuferðir um héraðið með hópum ferðamanna.

Gönguparadís á Ströndum

Náttúruskoðun og söguferðir er sennilega auðveldast að útfæra með skipulögðum gönguferðum, lengri og styttri. Mikil þróun hefur orðið í valkostum göngufólks annars staðar á landinu á síðustu árum og því má ætla að samkeppnin um gönguhrólfana geti orðið erfið. Strandasýsla býður þó upp á óvenjulega kosti sem henta vel til þess að gera svæðið að gönguparadís. Óvíða er t.d. hægt að ganga frá fjöru upp að jökli á jafn stuttum tíma og í gegnum jafn fjölbreytileg gróðurkerfi og þar.

Til að byrja með væri ágætt að ganga markvisst eftir þeim leiðum sem Ferðamálasamtök Vestfjarða gáfu út á korti á síðastliðnu ári. Þar eru tíu sérstakar gönguleiðir en auðvelt er að bæta fleirum við. Til dæmis er engin gönguleið í Hrútafirði í bæklingnum en þó er svæðið mjög vel fallið til slíkra ferða, t.d. um Hvalsárdalinn þar sem Feykishólar, brunnhúsið og draugurinn eru m.a. til

skemmtunar. Eins má nefna Bakkadal sem er sérkennilegur og fallegur. Þar er t.d. hægt að skoða hið sérkennilega Papafell.

Hér er lagt til að fengnir verði hæfustu heimamenn til að stýra för og sjá um leiðsögn og ein leið verði lögð undir fót hverja helgi í sumar. Allir yrðu boðnir velkomnir, ferðamenn sem heimamenn. Sjálfsagt er að láta fullorðna greiða eitthvert smáræði fyrir þátttökuna, en í staðinn væri hægt að bjóða upp á nestisbita eða kakó á áningarstað og jafnvel óvænta uppákomu. Heimamenn og sumargestir gætu keypt þátttökukort fyrir allt sumarið með afslætti. Heimamenn væru þannig hvattir til að skoða Strandirnar í sumar. Innkoman rynni í nestis- og uppákomusjóð og leiðsögumaður hverju sinni fengi þóknun fyrir skipulagningu, heimildasöfnun og leiðsögn.

Þessi hugmynd er svo einföld í framkvæmd að Strandamenn geta ekki skammlaust sleppt því að koma henni á laggirnar. Auðvitað eykur hún enn þörfina fyrir atburðadagatal og framkvæmdin byggir í rauninni á því (sbr. kaflann *Sögustaðir og upplýsingaþjónusta*). Dagskráin þarf að vera tilbúin í vor og ekkert má út af bregða í að réttum dagsetningum sé fylgt, nema náttúruhamfarir og stórviðri leggist á eitt og enginn sála mæti á svæðið. Ferðamálafélag sýslunnar er tilvalið til að vera umsjónaraðili til að byrja með, en ungmennafélög og björgunarsveitir geta tekið að sér skipulagningu á einstökum ferðum (sjá þó tillögu um framkvæmdir í lokakaflanum, *Um samvinnu og stefnumótun*). Ef vel gengur og ástæða þykir til er hægt að stofna sérstakt ferðafélag um starfsemina.

Margar aðrar leiðir en þær sem eru nefndar í bæklingi Ferðamálasamtakanna koma til greina fyrir skipulagðar og óskipulagðar gönguferðir. Ef sýslan á að standa undir nafni sem skemmtilegt göngusvæði þurfa stuttar leiðir að vera fyrir hendi, göngustígar þar sem hægt er að finna borð og bekki með reglulegu millibili og merkingar við götuna. Þá þarf að útbúa blöðunga um slíkar götur sem menn geta haft við höndina á röltinu. Vinna í þessum anda stendur t.d. yfir í Borgunum fyrir ofan Hólmavík. Þá má sérstaklega benda á að þörf er á merktri gönguleið að Kúvíkum við Reykjarfjörð því sá staður á sér merka sögu.

Eins eru lengri leiðir sem sérstaklega þarf að merkja eða viðhalda merkingum á, svo ekki sé hætta á að menn villist. Jafnvel er nauðsynlegt að gefa út leiðsögubæklinga um sumar þeirra. Þetta á til dæmis við um leiðina frá Reykjarfirði nyrðri í Árneshrepp, en sú leið hentar vel sem hápunkturinn á göngusumrinu, sigling norður og nokkurra daga ferð suður sýsluna á dansleik í Árnesi. Sú leið er mjög líkleg til að verða vinsæl með tímanum, rétt eins og Hornstrandirnar sjálfar. Hún býður upp á afar marga kosti fyrir göngumenn, er hæfilega löng fyrir nýliða og þar eru bæði sögustaðir og sérkennileg náttúra.

Það er því mikilvægt að beina göngumönnum inn á þessa braut með bækling og kynningu, enda hagnast sýslubúar lítt á gönguferðum um Hornstrandir.

Aðrir ferðamöguleikar

Fyrir þá ferðamenn sem eru ekki tilbúnir til að taka á rás um gönguleiðirnar þurfa að vera aðrir kostir. Best væri ef þeir væru sem flestir og menn kæmust í skipulagðar ferðir á sem fjölbreyttastan máta, siglandi, akandi, ríðandi og hjólandi. Slíka þjónustu tekur tíma að byggja upp og auðvitað eru takmarkaðir möguleikar á að margir aðilar sinni sömu þjónustu. Möguleikarnir sem svæðið býður upp á eru hins vegar margir. Ein auðveldasta leiðin til að skemmta fólki í skipulögðum ferðum er að miðla því sögu héraðsins og eins er hægt að búa til sérstakar söguferðir. Þá ætti að leggja kapp á að tengja ferðir með leiðsögn þeirri þjónustu sem fyrir er á svæðinu.

Oft er það óvenjulegur ferðamáti um heillandi svæði sem dregur menn í svona ferðir. Þetta á t.d. við um hesta- eða snjósleðaferðir. En þrátt fyrir það getur verið skemmtilegt að gefa þeim ákveðinn tilgang og jafnvel bjóða upp á ferðir með fleiri en einum fararskjóta. Skemmtisigling og stutt gönguferð er t.d. örugglega kærkomin hvíld fyrir langþreytta hestamenn. Tilgangur einstakra ferða þarf að vera ólíkur og höfða til sem flestra. Ferðin getur verið farin til að kynnast sögu eða þjóðsögum sýslunnar, jafnt sem náttúrunni eða afmörkuðum þáttum hennar. T.d. er hægt að bjóða upp á sérstakar ferðir til fuglaskoðunar, fjöruferðir o.s.frv.

Silungsveiði og sjóstangaveiði bjóða upp á svipaða möguleika. Sjálfsagt er að leyfa mönnum í slíkum ferðum að prófa að veiða, grilla svo fenginn og snæða, syngja og segja sögur. Silungsveiðar gegnum ís eru e.t.v. mögulegar að vetrinum. Gæsa- og rjúpnaveiðimenn eru einnig mikilvægir fyrir hótel og gistihús í héraðinu, enda á ferðinni utan hefðbundins ferðamannatíma. Með hliðsjón af ímynd sýslunnar, eins og hún er skilgreind í kaflanum *Að fá ferðamenn á Strandir*, er þó ekki hægt að leggja til að í heildarkynningum á svæðinu sé lögð áhersla á þá möguleika á skotveiði sem vissulega eru fyrir hendi. Þessa möguleika ættu því þeir hagsmunaaðilar í ferðaþjónustunni sem það kjósa að kynna sjálfir.

Auk þess sem boðið er upp á einstakar ferðir er mikilvægt að búnar verði til þaulskipulagðar pakkaferðir, í samvinnu við ferðaþjónustuaðila á svæðinu, rútu- og flugfyrirtæki, matsölustaði o.s.frv. Allir verða að leggjast á eitt um að gera slíkar ferðir sem bestar. Auðveldast er sennilega að bjóða upp á þær í tengslum við einstök hátíðahöld til að byrja með, en færa sig hægt og sígandi

inn á almennan markað. Eins þarf að kappkosta um að ferðirnar tengist uppákomum og skemmtunum á svæðinu sem allra mest.

Mynd 12: Mismunandi ferðamátar og tilefni

Dæmi um skipulagðar ferðir

⌘ Hægt er að bjóða upp á ferðir sem hafa ákveðið þema á öllum gerðum farartækja. T.d. náttúruskoðun, dýralíf á Ströndum eða fjöruferðir. Einnig hægt að bjóða upp ferðir á söguslóðir, t.d. staði tengda þjóðsögum eða Íslendingasögum.

⌘ Lengri og styttri gönguferðir með leiðsögumanni eru nauðsyn, óvæntar uppákomur og nesti. Þá væri hægt að útbúa sérstakar ferðir þar sem menn fara saman til berja eða að tína fjallagrös. Fyrr á tímum var grasatekja hlunnindi sem skiptu umtalsverðu máli í sunnanverðri sýslunni.

⌘ Kjörið er að bjóða upp á lengri og styttri hestaferðir, allt frá nokkurra tíma ferðum upp í nokkurra daga. Það sama gildir um slíkar ferðir og gönguferðir.

⌘ Siglingar og sjóstangaveiði njóta vaxandi vinsælda. Ferðamenn eiga nú þegar kost á ferðum út í náttúruperluna Grímsey og það ætti að vera auðvelt að skipuleggja hópferðir með leiðsögumanni og bjóða upp á þær reglulega. Heimamönnum og ferðamönnum þætti það örugglega góður kostur. Siglingar norður með Ströndum hljóta einnig að teljast vænlegur kostur. Ef hvalir eru eitthvað að flækjast úti fyrir Ströndum, má hugsanlega gera út á skoðunarferðir á þær slóðir, eins og nú er í tísku annars staðar á landinu.

⌘ Veiðiferðir að einhverju vatninu þar sem er rennt fyrir silung geta hvort heldur sem er verið sérstakar ferðir eða hluti af öðrum. Mönnum hlýtur að þykja áhugavert að veiða í gegnum ís og það er eflaust hægt víða í sýslunni.

⌘ Gaman væri ef ferðamenn gætu farið með að vitja um hrognkelsi, farið í róður og veitt í matinn. Á þurru landi er hægt að skipuleggja fjallferðir með bændum eða skemmtilegar skoðanaferðir fyrir alla fjölskylduna um fyrirmyndar bóndabæi.

⌘ Sýslan býður upp á mikla möguleika til vetrarferða, ævintýraferða á snjósleðum og jeppum. Frá Steingrímsfirði og Bjarnarfjarðarhálsi má t.d. hugsa sér ferðir með hópa á Háafell, Drangajökul og norður í Árneshrepp.[19] Þá má hugsa sér ferðir á gönguskíðum mjög víða í sýslunni.

[19] Í þessu sambandi má benda á ágæta grein í jólablaði Ísfirðings 15. desember 1993 eftir Brynjólf Sæmundsson, þar sem hann setur fram tillögu um skipulagðar vetrarferðir á Ströndum og ræðir markaðssetningu og möguleika.

Um samvinnu og stefnumótun

Skýrslur, tillögur og hugmyndir eru til þess ætlaðar að þær séu ræddar og brotnar til mergjar. Velta þarf upp kostum og göllum en fyrst og fremst verða Héraðsnefnd og sveitarstjórnarmenn að taka afstöðu í stórum atriðum sem smáum. Það er þeirra hlutverk. Menn mega aldrei falla í þá gryfju að halda að hugmyndavinna og skipulagning sé eitthvert afrek í sjálfu sér.

Áætlanagerð, skipulagning og stefnumótun eru forgangsverkefni sveitarstjórna og Héraðsnefndar. Ef ekki koma til markvissar aðgerðir er alltaf hætta á að uppbygging verði tilviljanakennd og mistæk. Þegar grunnvinnu í skipulagningu er lokið er síðan hægt að hrinda tillögum markvisst í framkvæmd. Skipulagið getur verið með ýmsu móti ef menn ákveða að hefjast handa og láta verkin tala. Hér á eftir er sett fram tillaga um skipulag á framhaldi vinnunnar að uppbyggingar ferðaþjónustu á Ströndum. Hún er í sama anda og skýrslan öll og verður vonandi góður grundvöllur til að byggja umræðuna á. Menn skulu þó muna að ávallt eru margar leiðir færar að settu marki.

Það er ljóst að verja verður umtalsverðum fjármunum til þessa verkefnis. Hér á eftir er einkum miðað við að fjármagnið komi frá sveitarfélögunum í sýslunni. Það gerist ekkert af sjálfu sér og sú uppbygging og það markaðsstarf sem þarf að vinna er nauðsynlegt til að sífellt fleiri Strandamenn geti haft lifibrauð af ferðaþjónustunni. Það hefur viljað brenna við að menn séu smeykir við fjárútlát til ferðamála en það hefur einnig verið reynslan að þar sem unnið hefur verið markvisst að ferðaþjónustumálum hafa fjárútlát skilað sér með einum eða öðrum hætti. Að sjálfsögðu þarf þó að leitast við að lágmarka kostnað með góðu skipulagi og markvissum vinnubrögðum. Ef vel tekst til er hægt að auka straum ferðamanna á Strandir verulega og fá þá til að dvelja um stund. Slíkt skiptir sköpum fyrir verslun og þjónustugreinar á svæðinu og margir íbúar þess geta haft ávinning af, lifibrauð eða aukatekjur.

Samvinna heimamanna í ferðaþjónustu

Sveitarstjórnir, ferðaþjónustuaðilar og sýslubúar þurfa að sameinast um ýmis verkefni. Þannig er t.d. þörf á samvinnu hagsmunaaðila í ferðaþjónustu við að laða fleiri ferðamenn til sýslunnar. Það er fyrst og fremst svæðið í heild sinni sem hefur burði til að heilla menn, náttúran og sagan, en ekki einstakir ferðaþjónustuaðilar. Á sama hátt er þörf á samvinnu og samráði um hátíðahöld og uppákomur, bæði við kynningu og framkvæmdir. Þegar dagskrá sumarsins er

sett upp mega ekki koma til stórir árekstrar milli sveita. Slíkt samráð gefur auk þess kost á samstarfi við aðila í farþegaflutningum við að búa til pakkaferðir.

Jafnframt þarf uppbyggingu í hverri sveit. Sveitarfélög ættu þannig að styðja við bakið á þjónustufyrirtækjum sem einbeita sér að þjónustu við ferðamenn og stuðla að uppbyggingu og nýsköpun í þeim efnum. Það er hagur sveitarfélaganna að uppbygging verði. Hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu þurfa einnig oft hjálp við kynningu og skipulagningu á rekstrinum. Það hlýtur að vera á verksviði ferðamálafélags sýslunnar eða fjórðungsins að veita þá aðstoð.

Það er ljóst að viðhorf einstaklinga í sýslunni til ferðaþjónustunnar verður að vera jákvætt. Til að svo sé þarf að koma upplýsingum um hvað er á seyði á framfæri og öflugt ferðamálafélag getur vel séð um þann þátt mála. Slíkt félag getur auk þess lagt mikið af mörkum til að efla svæðið sem ferðamannasvæði. Í öðrum köflum skýrslunnar hafa verið nefnd nokkur verkefni sem ferðamálafélag gæti komið að, gefið út upplýsingabæklinga, staðið fyrir kynningarferðum með fréttamenn og ferðaþjónustuaðila, leitað eftir styrkjum til merkinga og lagfæringa á stöðum, staðið fyrir stefnumótunarverkefnum o.s.frv. Slíkt félag þarf að vera öflugt á Ströndum, með skýrt afmarkað verksvið og ákveðin verkefni á sinni könnu.

Margskonar félagsamtök þurfa einnig að koma að málum og átta sig á hvar þau geta rétt hjálparhönd við framkvæmdir. Raunar hafa mörg þeirra unnið að einstökum verkefnum á þessu sviði á síðustu árum án þess að fá nauðsynlegan stuðning frá markvissri heildarstefnu um ferðaþjónustumál. Leikfélagið og Lionsklúbburinn á Hólmavík, björgunarsveitir, ungmennafélög, sönghópar, kvenfélög og búnaðarfélög sýslunnar geta öll lagt verkefninu lið og mörg þessara félaga hafa sýnt að þau eru ágætlega fær um það.

Stefnumótun og framtíðarsýn

Mikil þörf er á áætlanagerð til lengri og skemmri tíma. Til dæmis þarf að vinna nákvæmar áætlanir um verkefni næstu ára, setja markmið, skilgreina leiðir og ákveða áfanga. Til að byrja með virðist vera nokkuð hæfilegt að unnin verði nákvæm áætlun til þriggja ára og sett niður framtíðarsýn til sex ára eftir það. Hún verði síðan endurskoðuð reglulega og árangurinn metinn. Um leið er þörf á að menn grandskoði kostnað við einstakar framkvæmdir og geri kostnaðaráætlanir.

Það hlýtur öllum að vera ljóst að þörf er á einhverjum sem getur haft yfirumsjón með öllum þáttum þessarar vinnu, átt frumkvæði og framkvæmt, staðið fyrir samráði og samvinnu manna á ólíkum sviðum og stöðum. Hrista þarf saman krafta allra sem hönd geta lagt á plóginn. Ferðamálafélag sem

samanstendur af áhugafólki og hagsmunaaðilum er ekki nægilega sterkt í slíkt verkefni.

Í skemanu hér á eftir er sett fram tillaga sem mér virðist vænleg til árangurs og möguleg í framkvæmd án þess að menn reisi sér hurðarás um öxl. Í henni felst að verkefni sem byggir á þessari skýrslu og frekari hugmyndavinnu heima í héraði verði ýtt úr vör. Tillagan er metnaðarfull og krefst þess að Héraðsnefnd ráði verkefnisstjóra til að stýra verkinu til að byrja með og hafi yfirstjórn með vinnu hans. Viðfangsefni verkefnisstjórans eru afar mörg og margar hendur sem hann þarf að fá til að sameinast um að vinna að ferðaþjónustumálum sýslunnar. Það er því nær öruggt að nefnd eða áhugafélag sem sinnir því í hjáverkum myndi aldrei skila því vel af hendi.

Mynd 13: Tillaga að skipulagi framkvæmda í ferðamálum



Hugmyndin er að Héraðsnefnd beri ábyrgð á verkefninu og greiði laun verkefnisstjóra, almennan kostnað við kynningar og markaðssetningu og tilfallandi greiðslur fyrir sérfræðiráðgjöf.

Hlutverk verkefnisstjóra væri að stjórna verkefninu, skipuleggja vinnuna, marka henni farveg, halda utan um starfshópa og fela þeim viðfangsefni. Hann þarf að undirbúa málin í hendur hópanna og vinna úr því sem þeir gera og starfa auk þess með þeim. Einkum og sér í lagi aflar hann þó þessu fyrirtæki

fjármuna, með styrkumleitunum hjá hinu opinbera og ýmsum sjóðum og með stuðningsóskum til fyrirtækja í héraðinu og á landsvísu. Fjárstyrkir væru að jafnaði ætlaðir til skýrt skilgreindra verkefna. Verkefni sem þetta væri sérstakt á margan hátt og ólíkt því sem verið er að gera í öðrum héruðum landsins. Það má ætla að fyrir vikið verði nokkru auðveldara að afla því styrkja en ella.

Starfshópar samanstanda af þremur til fimm fulltrúum. Þeir setja markmið, skilgreina leiðir, forgangsraða verkefnum, gera áætlanir og ákvarða framkvæmdir. Þeir eru samráðs- og samstarfsvettvangur allra sem að málinu koma. Meiningin er að í starfshópana verði skipað hæfasta fólk í sýslunni, fulltrúar Héraðsnefndar og einnig fulltrúar frá ýmsum félagasamtökum sem snúa að verksviði hópanna. Til dæmis liggur nokkuð beint við að Ferðamálafélagið eigi fulltrúa í hópi um söguslóðir og merkingar, fulltrúi Strandamanna í stjórn Byggðasafnsins á Reykjum verði í hópi um minjavernd og sýningahald og fulltrúi frá Leikfélagi Hólmavíkur í hópi um lifandi menningu.

Mynd 14: Kraftar sem þarf að virkja í þágu ferðamála á Ströndum



Metnaðarfyllsta leiðin er hins vegar að setja annars vegar upp safnastofnun fyrir sýsluna, þar sem saman væri komið á einum stað héraðsbókasafn, héraðsskjalasafn, ljósmyndasafn, fræðimannsíbúð og vinnuaðstaða. Þesshátta stofnun útheimtir rekstur allt árið og væri einsýnt að láta framkvæmdastjóra hennar sjá um samvinnu um Byggðasafnið á Reykjum og sýningamál innan sýslunar, hvort heldur sem um er að ræða mynda- eða munasýningar. Um leið yrði ráðinn

Myndaskrá

Mynd nr.	Heiti	Bls.
1	Verðugt markmið í ferðaþjónustunni	9
2	Markaðssetning í takt við ímynd sýslunnar	10
3	Leiðir til að byggja afþreyingu á sérstöðunni	16
4	Hráefni og möguleikar fyrir handverksfólk	18
5	Á söguslóðum í Strandasýslu	23
6	Tilbúnir sýningargripir í anda sögunnar	25
7	Möguleikar á minja- og munasýningum	33
8	Möguleikar á myndasýningum	35
9	Markvissar áætlanir um sýningar	37
10	Kvöldvökur um sögu sýslunnar	42
11	Áætlun um mannfagnaði og menningarlíf	44
12	Mismunandi ferðamátar og tilefni	49
13	Tillaga að skipulagi framkvæmda í ferðamálum	52
14	Kraftar sem þarf að virkja í þágu ferðamála	53
15	Verðugt framtíðarmarkmið fyrir Héraðsnefnd	54